

SIGNÝ GUNNARSDÓTTIR

Stundar jaðarípróttir stóran hluta ársins

• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



AUBUNN BLÖNDAL

Missti af aðalhasarnum í leik Argentínu

Var farinn áður en sigurmarkið kom
FÓLK 26



Windows 7
9 dagar
windows7.is

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

13. október 2009 – 242. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI


Sími: 512 5000

PRÍÐJUDAGUR

Ítrekun

Mugison gefur út nýja plötu með gömlum lögum.

FÓLK 20



Vel orðað

Mörður Árnason vill að orðin skinka og hnakki fái sinn sess í orðabókum.

FÓLK 26



Björgólfur fær gullskó


Markahæstu leikmenn Pepsi-deildarinnar munu fá hina hefðbundnu gull-, silfur- og bronsskó frá Adidas.

ÍPRÓTTIR 22



fyrir allar dætur
ómmur - mömmur - systur - vinkonur ...
Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini
Söfnunarmarkmið 45.000 slaufur

VEÐRIÐ Í DAG



Suðvestlægar áttir í dag verður fremur hægur vindur á landinu, víða 3-6 m/s en hvassara á Snæfellsnesi. Norðaustantil verður nokkuð bjart en skýjaðra í öðrum landshlutum og hætta á súld vestanlands.

VEÐUR 4

KVÖLDOPNUN!

Vertu fyrstur, opnum kl. 20 í Lindunum



Lindum • Skeifunni • Vefverslun
sími 544 4000 • símsala 575 8115

Eignirnar standa undir 90 prósentum af Icesave-skuld

Um níutíu prósent fást upp í forgangskröfur í Landsbankann. Skuld vegna Icesave gæti orðið um 75 milljarðar króna auk vaxta. Kröfuhafar eignast hlut í nýja bankanum. Samkomulag um Icesave gæti náðst í dag.

EFNAHAGSMÁL Íslensk stjórnvöld, skilanefnd Landsbankans og Nýi Landsbankinn hafa skrifað undir samkomulag sem tryggir að tæplega níutíu prósent fást upp í forgangskröfur í gamla bankann, en kröfur vegna Icesave ber þar hæst. Fulltrúar helstu kröfuhafa tóku þátt í viðræðunum.

Þetta þýðir að um 75 milljarðar falla á íslensku þjóðina auk vaxta; samtals gæti upphæðin numið um 200 milljörðum.

Samkvæmt samkomulaginu gefur Nýi Landsbankinn út skuldabréf til bankans að upphæð

260 milljarðar króna til tíu ára. Bréfið er gengistryggt og tryggir þannig erlenda fjármögnun. Þá verða gefin út hlutabréf til gamla bankans fyrir 28 milljarða króna, um tuttugu prósent heildarhlutfjár nýja bankans. Kröfuhafar gamla bankans munu þannig eignast hlut í þeim nýja.

Lárentsínus Kristjánsson, formaður skilanefndar Landsbankans, segir niðurstöðuna mjög vel viðunandi fyrir skilanefndina og skref fram á við. Ásmundur Stefánsson, bankastjóri Landsbankans, segir ánægjulegt að við-

semjandi hafi kosið að eignast 28 milljarða hlut í bankanum.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir þetta gríðarlega mikilvægan áfanga og eitt af lokaskrefunum í endurreisn bankanna. „Ég fagna því að menn séu að sjá til lands hvað varðar Landsbankann. Þetta hafa verið langar og snúnar samningaviðræður.“ Hann segir það góðar fréttir ef nýtt mat á eignasafninu sé ávisun á slíkar horfur.

„Ekki spillir fyrir ef ríkið sleppur frá þessu með heldur minni fjárútlát og bankinn

verður í traustri stöðu og vel fjármagnaður. Ég held að þetta sé mjög góð niðurstaða og ásættanleg fyrir alla.“

Steingrímur segir viðræður við Breta og Hollendinga vegna Icesave ganga vel og á jafnvel von á að niðurstaða fást í þeim næsta sólarhringinn. „Það eru samskipti í gangi og menn eru að máta mögulegar lausnir. Við erum að bíða núna eftir viðbrögðum frá þeim sem við vonumst til að komi mögulega á morgun [í dag] eða á næstu sólarhringum.“

- kóp



EFTIRLEIKUR HAMFARA Um hálf milljón manna er á vergangi á Filippseyjum eftir að Marikina-fljótið flæddi yfir bakka sína í höfuðborginni Manilla og byggðum norðan við hana. Miklar rigningar fylgdu fellibylinum Ketsana sem gekk yfir landið á laugardag. Talið er að um 300 manns hafi látið lífið í aurskriðum. Unnið er að því að koma hjálpargögnum til nauðstaddra en flóðin gera hjálparveitum erfiðara fyrir.

NORDICPHOTOS/AFP

Nýstárleg kennsluáferð: Teiknimynd um kynferðislegt ofbeldi

UPPELDISMÁL „Það er krefjandi að finna leið til að koma svona viðkvæmu efni til skila á réttan hátt,“ segir Felix Bergsson, sem vinnur nú að handriti teiknimyndar um kynferðislegt ofbeldi sem ætluð er grunnskólabörnum. Felix leikstýrir einnig myndinni.

Verkefnið gengur undir nafninu „Segjum nei, segjum frá!“ og er unnið í samstarfi ýmissa aðila undir hatti samtaka sem heita Réttindi barna. Félagasamtökin Blátt áfram, sem vinna að eflingu forvarna gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, voru aðalhvattinn að verkefninu.

Meðal annarra sem koma að því eru Reykjavíkurborg, menntamálaráðuneytið, Margmiðlunarskólinn og CCP.

- kg / sjá Allt

Norðurál segir ráðherra hafa brotið stjórnsýslulög við úrskurð vegna Suðvesturlínu: Lögvarðir hagsmunir voru ekki virtir

UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra braut stjórnsýslulög þegar hún gaf forsvarsmönnum Norðuráls ekki kost á því að gæta hagsmuna félagsins þegar hún felldi úrskurð vegna Suðvesturlínu, að því er segir í bréfi Norðuráls til ráðherra.

Í bréfinu er Svandís hvött til að afturkalla úrskurð sinn, og meðal annars vísað í að umhverfisráðuneytið hefði átt að leyfa forsvarsmönnum Norðuráls að andmæla um leið og kærur Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands hefðu

borist ráðuneytinu, enda hagsmunir félagsins gríðarlegir.

„Tafirnar sem úrskurðurinn frá 29. september kann að valda hafa viðtækar og neikvæðar afleiðingar fyrir fjölda aðila,“ segir í bréfi Norðuráls, sem ritað er af lögmanni hjá Logos lögmönnum.

Í bréfinu er einnig tíundað að kærur umhverfisverndarsamtakanna hafi borist eftir að kærufrestur hafi runnið út, og að ráðherra hafi farið þrjá mánuði fram yfir frest sem hún hafði til að úrskurða um málið.

- bj

Rjómaostur


frá Ostahúsinu er bragðgóður, mjúkur og léttur og inniheldur fáar hitaæiningar.



VAXTILBOÐ
20% afsláttur af vax meðferðum í október.



Bókaðu núna!
BADHÚSIÐ
heilsulind fyrir konur
www.badhusid.is
Sími 515 1900



VIST fyrir fyrirtækið þitt

Villuboðin heyra sögunni til

- þú heldur bara áfram að vinna

Með fyrirtækið í VIST getur þú dregið úr kostnaði um leið og þú færð trausta þjónustu sem tryggir öryggi gagna og aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum. Í VIST er heimasvæði fyrirtækisins hýst á netþjónum Símans sem eykur samnýtingu skjala og öryggi gagna.

Með reglulegri afritun og vírusvörnum er öryggi tryggt enn frekar. Fyrirtækjapósturinn í VIST veitir starfsmönnum aðgang að póstinum hvar sem er, auk þess sem hægt er að deila dagbókum, tengiliðum og verkefnum.

Veldu hagkvæma og örugga VIST fyrir fyrirtækið þitt.



Það er **Síminn**

800 4000 • siminn.is



KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI



Uppskrift að heilsurétti?

10.000 kr. af hverri seldri bleikri Kitchenaid hrærivél renna til Krabbameinsfélagsins.

Vörulisti á vefnum www.ef.is



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

KJÖRKASSINN



Ertu búinn að krækja þér í flensu í haust?

Já	25,1%
Nei	74,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hreyfir þú þig reglulega?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Álver Norðuráls mun nota tæpan helming orku frá fyrirhuguðum virkjunum:
Næg orka fyrir fleiri verkefni

ORKUMÁL Nýtt álver Norðuráls í Helgubúk mun nota um 44 prósent af þeirri orku sem fyrirhugað er að virkja á Suðurlandi á næstunni, samkvæmt upplýsingum frá Norður-áli. Forsvarsmenn fyrirtækisins mótmæla fullyrðingum að ekki sé til næg orka til að knýja álverid.

Samþykkt hefur verið umhverfismat fyrir virkjanir sem skila eiga 760 megavatta orku, en inni í þeirri tölu eru ekki virkjanamöguleikar í Gráuhnjúkum og Eldvörpum, sem talið er að muni skila í það minnsta 100 megavöttum. Til viðbótar eru á teikniborðinu virkjanir sem skila eiga 575 megavöttum til viðbótar. Þá eigi Landsvirkjun um áttatfu



ÞJÓRSÁ Stór hluti þeirrar orkuöflunar sem þegar hefur farið í gegnum umhverfismat er í neðri hluta Þjórsár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

megavött af óseldri orku. Samtals eru því 1.415 megavött sem stendur til að virkja, eða hafa verið virkjuð. Af því mun álver Norðuráls

nýta 625 megavött þegar það verður komið í fulla stærð.

Í pistli sem birtist á vef Norðuráls í gærkvöldi segir að margir hafi viðráð þá skoðun að erfitt verði að afla orku fyrir álver Norðuráls. „Þær skoðanir virðast flestar byggjast á mjög lítilli gagnaöflun eða þekkingu. Í sumum tilfellum er augljóslega leitast við að gera verkefnið tortryggilegt,“ segir á vef Norðuráls.

Jafnvel þó að einhverjir af þeim kostum sem nú eru til skoðunar reynist ekki hagkvæmir eða framkvæmanlegir verður yfirdriffin orka fyrir álverid og aðra starfsemi, segir á vef Norðuráls. -bj

FYRIRHUGUÐ ORKUÖFLUN Á SUÐURLANDI

Umhverfismati lokið:

Hellisheiðarvirkjun	90 MW
Hverahlíð	90 MW
Biðra	135 MW
Búðarháls	80 MW
Neðri Þjórsá	265 MW
Reykjanesvirkjun	100 MW

Á teikniborðinu:

Eldvörp	50 MW
Gráuhnjúkar	45 MW
Krýsuvík*	400 MW
Norðlingaalda	80 MW

Þegar virkjað en ekki ráðstafað:

Landsvirkjun	80 MW
--------------	-------

Samtals 1.415 MW

*Upphaflega 500 MW en inni í því eru 100 MW frá Brennisteinsfjöllum sem fallið hefur verið frá.

SIJÁVARÚTVEGSMÁL

Fiskverð hækkar

Á fundi Úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna var ákveðið að hækka verð á slægðum og óslægðum þorski, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seldur til skyldra aðila, um 15 prósent. Jafnframt var ákveðið að hækka verð á slægðri og óslægðri ýsu um 15 prósent. Þá var verð á karfa hækkað um tíu prósent. Verð þetta gildir frá og með 6. október 2009.

ALÞINGI

Kostnaður við ESB-umsókn

Ragnheiður Elin Arnadóttir Sjálfstæðisflokki hefur lagt fram fyrirspurn til utanríkisráðherra um kostnað við aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Spyr hún hvort áætlun um kostnað hafi verið gerð, hversu mikill kostnaður hafi þegar fallið til og hvort ráð sé gert fyrir honum í fjárlagafrumvarpinu.

Heimili borga meira í heilbrigðisþjónustu

Útgjöld heimila til heilbrigðismála jukust um 29 prósent að raungildi frá 1998 til 2006. Þetta segir Rúnar Vilhjálmsson félagsfræðingur í Læknablaðinu. Mest er borgað fyrir lyf og tannlækna. Til sálfræðinga fóru 120 prósentum meira en áður.

HEILBRIGÐISMÁL Útgjöld íslenskra heimila vegna heilbrigðismála jukust um 29 prósent að raungildi milli ára 1998 og 2006. Þetta er niðurstaða Rúnar Vilhjálmssonar, prófessors í félagsfræði við Háskóla Íslands.

„Verulegur munur er á útgjöldum og útgjaldabýrði vegna heilbrigðisþjónustu eftir höpum,“ segir í grein Rúnar í Læknablaðinu. „Endurskoða þyrfti tryggingavernd í heilbrigðiskerfinu og huga sérstaklega á öryrkjum, fólki utan vinnuarkada, lágtekjufólki og ungu fólki,“ bætir hann við.

Rúnar byggir niðurstöður sínar á tveimur könnunum sem gerðar voru á árin 1998 og 2006. Þær voru gerðar með því að senda spurningalista til ákveðins úrtaks af fólki. Í Læknablaðinu segir Rúnar að kostnaður sé önnur algengasta ástæða þess að fullorðnir Íslendingar fresti því að leita til læknis jafnvel þótt þeir telji þörf á aðstoð læknis.

„Það var einkum yngra fólk, einhleypir og fráskildir, og tekjulagt fólk sem frestaði eða felldi niður ferð til læknis af kostnaðarástæðum,“ segir í grein Rúnar.

Af úrtakinu 2006 hafi það heimili sem mest borgað varið 402 þúsund krónum í heilbrigðisþjónustu en að meðaltali hafi upphæðin verið tæpar 106 þúsund krónur.



RÚNAR VILHJÁLMSOHN



Í LYFJABÚÐ Af 106 þúsund krónum sem íslensk heimili greidda að meðaltali fyrir heilbrigðisþjónustu á árinu 2006 fóru 26,6 prósent til lyfjakaupa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ríflegur fjórðungur allra útgjalda heimilanna vegna heilbrigðismála fer í kaup á lyfjum. Annar fjórðungur rennur til tannlækna. Þá kemur fram hjá Rúnari að hvað einstaka þjónustubætti varðar jókst kostnaður á þessum tímabili mest vegna sálfræðisþjónustu þar sem aukningin nam 120 prósentum. Á árinu fóru samtals 2,5 prósent af útgjöldunum í sálfræðinga.

Nýtt sex þúsund króna innlagnargjald á sjúkrahús sem ákveðið var

um síðustu áramót var afturkallað af nýjum heilbrigðisráðherra í febrúar. Þetta segir Rúnar sýna að ákvarðanir um greiðsluþátttöku sjúklinga séu háþólitískar en snerti grundvallarmarkmið um jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu. „Færa má rök fyrir því að gjöld sjúklinga í íslenska heilbrigðiskerfinu séu komin á varasamt stig með hliðsjón af markmiðinu um jafnt aðgengi,“ segir Rúnar í Læknablaðinu.

gar@frettabladid.is

HEIMABAKSTUR
 ilmandi **KEX** smiðjan ljúffengt

Tebollur
 Íslenskur gæðabakstur með rúsínum og með súkkulaðibitum

nytt

Upplýsingar og skráning:
 544 4500 / www.ntv.is

OFT ER AUGLÝST EFTIR BÓKARA!

Grunnnám í bókhaldi

Markmið námskeiðsins er að þjálfna fólk til starfa við bókhaldsstörf. Námið er byggt upp á kennslu í verslunarsreikningi (24 st.), bókhaldi (36 st.) og tölvubókhaldi (48 st.). Allar námsgreinar eru kenndar frá grunni. Nemendur þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa grunnþekkingu á tölvum.

108 stundir - Verð: 99.000.-
Verð fyrir atvinnulausa: 74.250.-

Morgunnámskeið byrjar 2. nóvember.
 Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. nóvember.

ntv

NÝ TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Sigmundur Davíð segir spunaverksmiðju Samfylkingar rangtúlka Noregsferð:
Noregsferð gekk vonum framar

STJÓRN MÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir Noregsferð sína og Höskuldur Þórhallssonar þingmanns hafa gengið vonum framar. Viðbrögð við hugmyndum um lánalínu frá Noregi hafi verið mjög jákvæð, helst hafi fulltrúar Verkamannaflokksins verið hlédrægir. Þetta kom fram í bréfi sem Sigmundur sendi flokksfélögum sínum.

Þar segist formaðurinn hissa á umfjöllun fjölmiðla um förina. Gert hafi verið tortryggilegt að tveir þeirra fjármálasérfræðinga sem voru með í förinni ættu sæti í stjórn fjárfestingarsjóðs. Sjóðurinn sé í eigu fjögurra lífeyrissjóða með sextíu þúsund félagsmenn og hafi náð góðum árangri. „Ef óhróðursdeildir stjórnvalda (og fjölmiðlar) ætla að gera allt líkt tortryggilegt er lítil von til þess að landið rétti úr kútnum,“ segir Sigmundur í bréfinu.


Þá sakar hann „spunaverksmiðju Samfylkingarinnar“ um að hafa rangtúlkað förina og aðkomu sérfræðinganna tveggja. Sigmundur segist þó vanur bloggnum Samfylkingarinnar, „orðbragði þeirra, ósannindum og ósvifni“.

Þá segir Sigmundur það skyldu Framsóknar-



FORMAÐURINN Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir framsóknarmenn hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð í Noregsferð sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

manna að tryggja að gera Ísland að samfélagi faglegra vinnubragða, raunverulegrar verðmætis- sköpunar og uppbyggilegrar rökraðu. - kóp



IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi
Gerð samanburð

Fyrst og fremst í heilsudýnum



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið hjá
Svefn & heilsu

Einföld og þægileg stýring, mýkra axlasvæði
og stillanlegt mjóbakssvæði
Tilboðsverð á hjónarúmunum frá 329.900,-



Nýr Wallhugger

með IQ-CARE heilsudýnu
Wallhugger er framleitt af Leggett & Platt
sem er stærsti framleiðandi í heimi
á stillanlegum rúmunum
Tilboðsverð á hjónarúmunum frá 459.900,-



S-CAPE WALLHUGGER

Sá besti frá Leggett
Þráðlaus fjarstýring, sér stilling fyrir höfuðlag,
nudd, sterkur stálgrindarbotn og margt fleira.
Tilboðsverð á hjónarúmunum frá 559.920,-



IQ-CARE



Svefn sófar
Íslensk framleiðsla
Margir litir



Tilboð

IQ-CARE firm Cal King 183x213 með botnum og pífu
Nú aðeins 199.900,- Verð áður 266.800,-

50% afsláttur
af pífum margar stærðir

Íslenskar sængur og koddar frá
DÚN & FIÐUR



Umboðsaðili fyrir
iRobot



Hreinasta snilld
hreint og betra loft



Baldursnesi 6

AKUREYRI



6 mán. vaxtalausar greiðslur



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 12.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is



- 1 Hvað heitir forsætisráðherra Noregs?
- 2 Fyrir hvað þarf Mazen Abdul Jawan að þola fangelsi og svipuhögg í Sádi-Arabíu?
- 3 Hvað heitir fyrsta gullnáma Grænlandinga sem Íslendingar vinna nú að því að opna?

SVÖRIN ERU Á SÍDU 26

Persónuvernd segir Byr spyrja verðandi viðskiptavini of nærgöngula spurninga:

Mátti ekki spyrja um atvinnu

PERSÓNUPERND Byr Sparisjóður mátti ekki spyrja um starf og vinnuveitanda manns sem ætlaði að stofna bankareikning hjá S24. Þetta kemur fram í úrskurði Persónuverndar.

Þegar Kristján S. Kjartansson hugðist stofna bankareikning hjá Byr var honum gert að útfylla eyðublað með margvíslegum upplýsingum um hann sjálfan. Kristján sætti sig ekki við að þurfa að gefa eins ítarlegar upplýsingar og krafist var. Hann sendi því kvörtun til Persónuverndar.

„Það er vert að vekja athygli almennings á því að vera á verði og láta opinbera aðila ekki brjóta



KRISTJÁN S. KJARTANSSON Sætti sig ekki við þurfa að gefa Byr sparisjóði upp starf sitt og vinnuveitanda.

á sér,“ segir Kristján, sem kveðst telja að hann hafi í raun verið beittur „nasisma“.

Persónuvernd segir í úrskurði sínum að mál Kristjáns sé hliðstætt máli konu einnar sem

síðasta sumar kvartaði undan of mikill söfnun persónulegra upplýsinga hjá S24. Niðurstaðan hafi verið sú að hvorki væri málefnalegt né í samræmi við lög að óska eftir upplýsingum um starf og vinnuveitanda viðskiptavina. Í því máli hafi komið í ljós að rót vandans væri að finna í tilmælum sem Fjármálaeftirlitið hafi gefið vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Því hafi verið beint til bæði Fjármálaeftirlitsins og Byrs að breyta annars vegar tilmælunum og hins vegar eyðublöðunum til samræmis við löginn.

-gar

Danir í Afganistan:

Hermenn verði yngri og yngri

DANMÖRK Danir hafa af því nokkrar áhyggjur að hermenn sem þeir senda á vígvelli eins og Afganistan verða sífellt yngri. Nýlega voru sendir þangað níttján hermenn sem allir eru nítján ára að aldri. Árið 2002 var meðalaldur danskra hermanna sem sendir voru í stríð 31,27 ár. Í dag er meðalaldurinn 27,8 ár.

Sálfræðiprófessor segir víska hættu felast í því að senda mjög unga hermenn í bardaga. Ef þeir verði vitni að einhverjum hræðilegum atburði geti verið mun erfiðara fyrir þá að vinna úr því en fyrir mann sem er til dæmis orðinn tuttugu og fimm ára. -öt

Vefhýsing
668 kr. á mánuði
Pantaðu núna á www.1984.is

ÍSLENSK VEFHÝSING **1984**
= MEIRI HRAÐI >> MEIRA ÖRYGGI >> MUN ÖÐYRARI
- stóri bróðir hefur getur á þér
Sími 546 1984 :: info@1984.is

Fimmtungur stendur utan Þjóðkirkju

Skráðum trúfélögum hefur fjölgað töluvert síðasta áratug og hefur þeim fjölgað að mun hraðar en árin þar á undan. Vantrú, félagsskapur trúlausra, stendur þessa dagana fyrir átaki til að fá fólk til að skrá sig úr Þjóðkirkjunni.

TRÚFÉLÖG Um fimmtungur þjóðarinnar stendur nú utan Þjóðkirkjunnar samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar. Áttján prósent eru í öðrum trúfélögum og 2,9 prósent standa utan trúfélaga. Þá kann frekari breytinga að vera að vænta eftir sérstakt átak Vantrúar, félagsskapar trúleysingja, sem boðið hafa




VÉSTEINN VALGARÐSSON

fólki aðstoð sína við „leiðréttingu“ skráningar í trúfélög.

Í byrjun þessa mánaðar var viðurkennd skráning tveggja nýrra trúfélaga, Kirkju hins upprisna lífs og Alþjóðlegrar kirkju Guðs og embætti Jesú Krists. Núna er því skráð hér á landi 31 trúfélag utan Þjóðkirkjunnar. Árið 1990 voru þau 13 talsins og 24 árið 2000. Síðustu ár hefur að jafnaði fjölgað um eitt til tvö trúfélög á ári, að sögn Hjalta Zóphaniassonar, skrifstofustjóra borgara- og neytendaskrifstofu Dóms- og mannréttindaráðuneytisins. Hjalti segir hins vegar lítið hægt að lesa úr því að nýjustu tvö trúfélögin skuli hafa verið skráð sama daginn. Þannig hafi bara hist á að erindi þeirra hafi verið tekin fyrir á sama fundi hjá álitsgefandi nefnd þeirri sem metur trúfélög og umsóknir þeirra um skráningu.

Hjalti segir nýskráningum trúfélaga heldur hafa tekið að fjölga eftir aldamótin síðustu, en sú



þróun haldist að nokkru í hendur við fjölgun aðfluttra Íslendinga sem borið hafi með sér fleiri trúarbrögð. „Mikið af erlendu fólki var annarrar trúar og helst breytingin að hluta í hendur við uppbyggingu og virkjanaframkvæmdir.“ Þá segist Hjalti hafa heyrt utan af sér af vakningu sem í gangi sé hvað varði skráningu fólks utan trúfélaga og rekur hana til sérstaks átaks Vantrúar, félags trúlausra.

Vésteinn Valgarðsson hjá Vantrú segir félagið frá árslokum 2005 hafa, með hléum þó, aðstoð að fólk við að „leiðrétta skráningu sína í trúfélög“. Í sumari segir hann að komið hafi dálítill kippur í þetta starf þegar tala þeirra sem félagið hafi aðstoðað með þessum

hætti var komin í 790. „Við ákváðum þá að setja kraft í þetta og ná tölunni í 1.000 fyrir 1. desember á þessu ári. Núna stöndum við í 980 þannig að það vantar bara herslumuninn,“ segir hann. „Þetta ætti að hafast á allra næstu dögum.“

Vésteinn segir að langflestir kjósi að standa utan trúfélaga, en félagið aðstoði líka þá sem skipta vilji um trúfélag. Flestir þeirra sem þannig standi á um hafi kosið að skrá sig í Ásatrúarfélagið. Aðstoð félagsins felst annars í því að sjálfbodaliðar fara á mannafót og um háskólasvæði og bjóða fólki að fylla út eyðublað þau sem skila þarf inn til Þjóðskrár vegna trúfélagaskipta og koma þeim síðan til skila.

oligr@frettabladid.is

Færeyjar og hnattvæðingin
Fyrirlestur Kaj Leo Johannesen, lögmanns Færeyja

Lögmaður Færeyja, Kaj Leo Johannesen, heldur opinn fyrirlestur í Háskóla Íslands **miðvikudaginn 14. október kl. 8.30 í Hátiðasal Háskóla Íslands.**

Fyrirlesturinn „The Faroes in a globalized world – opportunities and challenges“ fjallar um tækifæri og áskoranir Færeyinga í alþjóðavæddum heimi.

Rektor Háskóla Íslands, Kristín Ingólfssdóttir, flytur upphafsorð og stýrir umræðum.

Fyrirlesturinn er öllum opinn og fer fram á ensku.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

MUNA!
Fjármálafræðsla
Fimmtudaga
kl. 20

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

22. október	Aðalbanki	Fjármálaskilningur
29. október	Mjódd	Fjármál heimilisins
5. nóvember	Ísafjörður	Fjármál heimilisins
12. nóvember	Akranes	Fjármál heimilisins
19. nóvember	Hamraborg	Fjármál heimilisins

Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is.

FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000





+ taktu völdin af flensunni

Við bjóðum þér upp á bólusetningar í Lyfju dagana 13.-24. október.

Lágmúla virka daga kl. 17-19, laugardaga 13-15.

Smáralind virka daga kl. 13-15, laugardaga 13-15.

Laugavegi föstudaga kl. 16-18, laugardaga 13-15.

Komdu í Lyfju og kynntu þér þau fjölmörgu ráð sem við höfum gegn kvefpestum og öðrum kvillum.

ISLENSKA SJALIS LYF 47604 10/09

15% afsláttur⁺



OTRIVIN nefúði.

+ Gildir 13.-24. október 2009

Paratabs 500 mg.



30 stk. **299 kr.**
20 stk. **209 kr.**

15% afsláttur⁺



STREPSILS hálstöflur.

+ Gildir 13.-24. október 2009

Hóstamixtúrur 150 ml.



Pektólin **476 kr.**
Tússól **702 kr.**
Dexomet **636 kr.**



HALDIÐ UPP Á STRÍÐSLOK 65 ár voru í gær liðin frá því að hernámi nasista í Aþenu á Grikklandi lauk og voru hátíðarhöld á Akropolis hæð af því tilefni. NORDIC PHOTOS/AFP

Vopnaðir ræningjar réðust til atlögu í úthverfi Kaupmannahafnar:

Merkt taska kom lögreglu á sporið

KAUPMANNAHÖFN Vopnaðir ræningjar réðust til atlögu í gærmorgun við útibú Jyske bank í Valby, úthverfi Kaupmannahafnar, í gær. Ekki er ljóst hversu mikið þeir höfðu upp úr krafsinu, en í gær hafði lögreglan haft hendur í hári eins þeirra. Sá hafði tekið með sér peningatösku úr peningaflutningabíl sem þeir rændu. Taskan var útbúin tölvukubbi og sendi og átti lögreglan því auðvelt með að rekja slóð hennar. Var maðurinn handtekinn á heimili sínu á Vesturbú. Þar hafði hann komið töskunni fyrir í geymslu nágranna síns.

Einn starfsmaður bankans og bílstjóri peningaflutningabílsins

voru fluttir af vettvangi í sjúkrabíl í áfalli vegna ránsins. Ræningjarnir beindu Kalashnikov-hríðskotaríffli að bílstjóranum þegar þeir skipuðu honum úr bílnum. Þegar í ljós kom að ekki voru miklir peningar í bílnum fóru tveir mennanna inn í bankann sjálfan og náðust þeir á mynd. Þeir eru að sögn lögreglunnar af afrískum uppruna. Til að hindra eftirför lögreglu dreifðu ræningjarnir naglabrettum á götunnar í kringum bankann.

Stjórnandi lögreglurannsóknarinnar sagði í samtali við dagblaðið B.T. að ránið væri það villtasta sem hann hefði séð á sínum ferli.

- sbt



LÖGREGLAN AÐ STÖRFUM Danska lögreglan náði einum bankaræningjanna í gær.

Héraðsdómur Reykjaness: Kannabisræktendur dæmdir

DÓMSMÁL Þrjú menn hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness fyrir kannabisræktun og brot á vopnalögum. Einn manna var með 0,51 grömm af kókaíni og 573 kannabisplöntur, að því er Vísir. is greindi frá. Hann var dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. Annar var dæmdur fyrir að eiga 141 kannabisplöntu og kannabisræktun. Auk þess voru tólf gróðurhúsalampar gerðir upp-tækir.

Þriðji maðurinn var dæmdur í 350.000 króna sekt fyrir að eiga marjúána. Við húslit hjá honum fannst haglabýssa undir rúmi sem og skot í kómmóðu.

- jss

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðuðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 50.805 kr.

Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 40.780 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.870 kr.

VW Golf 1,6AEE bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.



LISTAMENN Í KÁLPHAMARSVÍK Hluti októberhópsins í Nes listamiðstöð var hristur saman með skoðunarferð í Kálphamarsvík á þriðjudaginn. MYND/MARÍA MARKVÍG

Listamenn streyma í vinnu á Skagaströnd

Um 160 listamenn frá öllum heimshornum hafa dvalið á Skagaströnd frá því alþjóðleg listastöð var opnuð þar fyrir einu og hálfu ári. Fjórtán listamenn gista bæinn í október. Mikili lyftistöng segir formaður stjórnar Nes listamiðstöðvar.

MENNING „Þetta fólk kann óskaplega vel við sig og hefur sýnt af sér gríðarlega indæla og góða framkomu,“ segir Sigurður Sigurðarson, formaður stjórnar Nes listamiðstöðvar á Skagaströnd, um erlenda listamenn sem flykkst hafa til dvalar í listamiðstöðinni.

Sigurður segir að frá því Nes listamiðstöð hóf að taka við erlendum listamönnum fyrir um einu og hálfu ári hafi um 160 listamenn frá öllum heimshornum dvalið á vegum miðstöðvarinnar á Skagaströnd. Fjöldinn vaxi stöðugt.

„Þetta hefur ekki farið hátt en er alveg stórmerkilegt apparat á landsvísi og hefur komið Nes listamiðstöð og Skagaströnd á kortið,“ segir Sigurður, sem kveð-

ur listamiðstöðina vera mikla lyftistöng fyrir lítið bæjarfélag. „Það skiptir miklu máli þegar bætist svona margt fólk í lítið samfélag og það nýtir sér alla þjónustu hér innanbæjar.“

Að sögn Sigurðar leigir Nes listamiðstöð íbúdir af sveitarfélaginu fyrir listamennina sem búi síðan saman nokkrir í íbúð. Vinnuáðstöðu hafi þeir í gömlu frystihúsi sem hafi verið breytt og lagfært. Sigurður segir listamiðstöðina auglýsta sem slíka út um allan heim. Það hafi skilað sér auk þess sem orðsporið hafi spurst út.

„Þarna eru góðir listamenn inn á milli og aðrir sem eru kannski að byrja. Það er virkilega gaman að þessu fólk og þetta hefur sett

mikinn svip á samfélagið hérna,“ segir Sigurður og bætir því við að hinir erlendu gestir kunni afar vel við sig á Skagaströnd. Flestir séu í einn mánuð en sumir hafa jafnvel verið fimm mánuði í bænnum. „Þeir njóta tilverunnar hér. Sumir hafa eignast hér mjög góða vini og halda sambandi við okkur þó að þeir sér farnir í burtu. Sumir koma meira að segja aftur.“

Fjórtán manna hópur sem kom til dvalar á Skagaströnd í október hittist á sameiginlegum fundi í gær. Þar eru á ferðinni allra handa listamenn; málárar, rithöfundar og ljósmyndarar. Fólk kemur víðs vegar að; frá Ástralíu, Brasilíu, Bandaríkjunum, Frakklandi, Írlandi og Englandi.

gar@frettabladid.is

VELALAND

NÝJAR bilaperur frá PHILIPS

PHILIPS Quartz bilaperur
allt að **80%** meira ljós

Ert þú með viðskiptahugmynd?

Stofnun og rekstur fyrirtækja

Námskeiðið hefst **24. október**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu 2,9 milljörðum króna í september:

Íbúðalán dragast saman um helming

VIÐSKIPTI Þótt útlán Íbúðalánasjóðs hafi aukist á milli mánaða í september er samdráttur milli ára. Samkvæmt tölum sjóðsins námu heildarútlán ríflega 2,9 milljörðum króna í september, þar af voru um 1,8 milljarðar í almenn útlán og 1,1 milljarður vegna leiguíbúðalána.

Útlán Íbúðalánasjóðs jukust því um 84 prósent milli ágúst og september og er aukningin að mestu rakin til aukinna leiguíbúðalána. „Hins vegar hefur Íbúðalánasjóður veitt útlán fyrir rúma 24,4 milljarða króna það sem af er ári sem er helmingi minna en á sama tímabili í



MÁLIN RÆDD Guðmundur Bjarnason forstjóri Íbúðalánasjóðs (fyrir miðju) ræðir við Ragnar Arnalds og Ágúst Einarsson á ársfundi Seðlabankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fyrri,“ segir í umfjöllun Hagsjár hagfræðideildar Landsbankans.

„Umsóknir vegna greiðslu-erfiðleika hafa margfaldast sé

það sem liðið er af árinu borið við sama tímabili í fyrra. Alls hafa sjóðnum borist tæplega 2.500 umsóknir eða ríflega fimmfalt fleiri en á sama tímabili í fyrra,“ segir í Hagsjár.

Þá bendir hagfræðideild bankans á að útgáfuáætlun sjóðsins beri merki samdráttar í útlánnum. „Í lok síðasta mánaðar tilkynnti sjóðurinn að ekkert yrði af fyrirhuguðum útboðum á þriðja ársfjórðungi en samkvæmt áætlunum átti þá að gefa út íbúðabréf að upphæð sjó til níu milljarðar króna.“ Búið er við endurskoðaðri útgáfuáætlun Íbúðalánasjóðs á næstu dögum.

- óka

Opið til kl. 18 í kvöld

Dæmi um bílaleigubíla sem eru á rýmingarsölu Thrifty bílaleigu



Volvo S60 (VU856)
2.0i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Skrð. 10/2005 Ek. 102.000 km.
Verð 2.990.000 kr.
Thrifty afsláttur 700.000 kr.
Thrifty verð 2.290.000 kr.



Citroën C5 (JN459)
1.8i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrð. 07/2006 Ek. 30.000 km.
Verð 2.320.000 kr.
Thrifty afsláttur 530.000 kr.
Thrifty verð 1.790.000 kr.



Ford Transit 300 M (UE123)
2.2i dísil beinskiptur 5 dyra.
Skrð. 06/2007 Ek. 39.000 km.
Verð 2.990.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 2.390.000 kr.



Audi A4 TFSI Quattro (YYK88)
2.0i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Skrð. 01/2006 Ek. 75.000 km.
Verð 4.250.000 kr.
Thrifty afsláttur 860.000 kr.
Thrifty verð 3.390.000 kr.



Toyota Avensis (USD25)
1.8i bensín beinskiptur station.
Skrð. 07/2008 Ek. 30.000 km.
Verð 3.590.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 2.990.000 kr.



Ford Mondeo Trend (FS962)
2.0i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Skrð. 06/2006 Ek. 40.200 km.
Verð 2.390.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 1.890.000 kr.



Ford Explorer Limited (JZ866)
4.6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrð. 08/2005 Ek. 71.000 km.
Verð 3.390.000 kr.
Thrifty afsláttur 790.000 kr.
Thrifty verð 2.600.000 kr.



Mazda6 Touring (ZU022)
2.0i bensín sjálfskiptur station.
16" álfelgur ofl.
Skrð. 09/2007 Ek. 36.000 km.
Verð 2.950.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
Thrifty verð 2.550.000 kr.



Ford Fusion Trend (YHU91)
1.4i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrð. 06/2008 Ek. 61.000 km.
Verð 2.090.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 1.590.000 kr.



Mazda6 Sport (YHU91)
2.3i bensín sjálfskiptur station.
Leður, rafdrifin BOSE hljómkar.
Skrð. 06/2008 Ek. 61.000 km.
Verð 2.950.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 2.390.000 kr.

Gerðu bílakaup dagsins!

Nýttu tækifærið - Thrifty bílaleiga þarf að losna við bíla fyrir veturinn. Nú getur þú gert bílakaup á alveg sérstökum kjörum. Komdu og skoðaðu. Reynsluaktu bíl frá Thrifty bílaleigu og gerðu bílakaup dagsins. Við erum þar sem Brimborg er á Bildshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri.

Rýmingarsala á bílaleigubílum
Opið til 18 í kvöld

Thrifty bílaleiga rýmir til fyrir veturinn



Citroën C4 Comfort (KJ818)
1,6i bensín beinskiptur 5 gíra 5 dyra.
16" álfelgur, glerþak ofl.
Skrð. 09/2006 Ek. 27.300 km.
Verð 2.260.000 kr.
Thrifty afsláttur 670.000 kr.
Thrifty verð 1.590.000 kr.



Ford Explorer Sport Trac (KG426)
4.6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrð. 08/2006 Ek. 80.000 km.
Verð 3.390.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 2.790.000 kr.



Citroën C4 SX (SQ447)
1,6i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrð. 11/2005 Ek. 38.000 km.
Verð 1.960.000 kr.
Thrifty afsláttur 470.000 kr.
Thrifty verð 1.390.000 kr.



Ford Fiesta Trend (PI883)
1,4i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrð. 06/2007 Ek. 68.000 km.
Verð 1.720.000 kr.
Thrifty afsláttur 630.000 kr.
Thrifty verð 1.090.000 kr.



Citroën Berlingo (PV291)
1,4i bensín beinskiptur 6 dyra.
Skrð. 06/2006 Ek. 78.000 km.
Verð 1.290.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
Thrifty verð 890.000 kr.



Citroën C3 SX (VD266)
1,4i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrð. 02/2006 Ek. 71.000 km.
Verð 1.450.000 kr.
Thrifty afsláttur 460.000 kr.
Thrifty verð 990.000 kr.



Mazda Tribute AWD (UA411)
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrð. 05/2005 Ek. 65.000 km.
Verð 2.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 1.890.000 kr.



Toyota Avensis (RU002)
1,8i bensín 5 gíra 4 dyra.
Skrð. 06/2005 Ek. 80.750 km.
Verð 1.990.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
Thrifty verð 1.590.000 kr.



Ford Mondeo Trend (TP082)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrð. 05/2007 Ek. 59.000 km.
Verð 2.550.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 1.950.000 kr.



Ford Fiesta Trend (PK086)
1,4i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrð. 07/2006 Ek. 49.000 km.
Verð 1.630.000 kr.
Thrifty afsláttur 540.000 kr.
Thrifty verð 1.090.000 kr.



Citroën C1 (DF141)
1,0i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrð. 05/2006 Ek. 81.000 km.
Verð 1.190.000 kr.
Thrifty afsláttur 300.000 kr.
Thrifty verð 890.000 kr.



Ford Expedition (NN561)
5,4i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrð. 03/2005 Ek. 106.000 km.
Verð 3.790.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.200.000 kr.
Thrifty verð 2.590.000 kr.



Ford Focus Trend (TL619)
1,6i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrð. 12/2005 Ek. 59.000 km.
Verð 2.060.000 kr.
Thrifty afsláttur 570.000 kr.
Thrifty verð 1.490.000 kr.



Ford Focus Trend Collection (TK164)
1,6i bensín sjálfskiptur station.
Upphitanleg framrúða, tölvustýrt miðstöð, rafdr. rúður framán og aftan ofl.
Skrð. 06/2007 Ek. 69.000 km.
Verð 2.430.000 kr.
Thrifty afsláttur 540.000 kr.
Thrifty verð 1.890.000 kr.



Ford Transit Connect 220L (UJ245)
1,8i dísil beinskiptur 6 dyra.
Rennihúð á hlið, fellanl. sæti ofl.
Skrð. 04/2005 Ek. 80.000 km.
Verð 1.590.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 990.000 kr.



Ford Focus C-Max (Z0589)
1,6i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrð. 07/2006 Ek. 56.000 km.
Verð 2.320.000 kr.
Thrifty afsláttur 640.000 kr.
Thrifty verð 1.680.000 kr.



Citroën C4 Saloon Comfort (R0259)
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrð. 07/2007 Ek. 25.700 km.
Verð 2.590.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 1.990.000 kr.



Volvo C30 (FR229)
1,6i dísil beinskiptur 3 dyra.
Skrð. 09/2008 Ek. 10.000 km.
Verð 3.790.000 kr.
Thrifty afsláttur 800.000 kr.
Thrifty verð 2.990.000 kr.



Mazda5 Touring (VBY17)
2,0i bensín beinskiptur 7 manna.
Skrð. 01/2008 Ek. 47.000 km.
Verð 2.750.000 kr.
Thrifty afsláttur 560.000 kr.
Thrifty verð 2.190.000 kr.



Ford Explorer XLT Sport 4x4 (ML119)
4,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarkeili, leðuraklæði, nálægðarskynjari aftan ofl.
Skrð. 02/2006 Ek. 82.000 km.
Verð 3.220.000 kr.
Thrifty afsláttur 730.000 kr.
Thrifty verð 2.490.000 kr.

Cohn & Wolfe íslandi. Leyfistafi: Dollar Thrifty á Íslandi er Brimborg.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins.

Komdu. Kaupu bíl á rýmingarverði af Thrifty

Við erum þar sem Brimborg er, Bildshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri. Sölumenn Brimborgar sjá um söluráðgjöf fyrir Thrifty.

Opið til kl. 18 í kvöld

Thrifty Íslandi
Bildshöfða 6
110 Reykjavík
Sími 515 7115

Thrifty Íslandi
Tryggvabraut 5
600 Akureyri
Sími 515 7115

Thrifty
www.thrifty.is
Bílaleiga



BLÖÐRUDREKI Þessi dreki sem er búinn til úr blöðrum hefur vakið verðskuldaða athygli í Bangkok í Tailandi. Þar í landi fer nú fram mikil blöðruháttíð.

NORDICPHOTOS/AFP

Ísafjarðarbær gerir tilraun með að nota kindur og hesta til að slá gras í bænum:

Beita húsdýrum á hringtorgin

NÁTTÚRUVERND Ísafjarðarbær mun gera tilraun með að beita húsdýrum á lítið notuð græn svæði í bænum næsta sumar. Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar, segir mögulegt að lækka kostnað við slátt, auk þess sem húsdýrin séu á allan hátt umhverfisvænni en sláttuvélarnar.

„Einhver þarf að slá grasið, og dýrin gera það vistvænt og fyrir lítið fé, og svo bera þau auðvitað sjálf á blettinn,“ segir Ralf. Hann segir að líklega verði það einkum kindur og hestar sem verði fyrir valinu. Svæðin sem þau fái til beitar verði væntanlega girt af tíma-bundið með rafmagnsgirðingum.



UMHVERFISVÆN Búast má við að umhverfisvænar sláttuvélar eins og kindur og hestar verði aðdráttaráfl fyrir fjölskyldufólk og jafnvel ferðamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í raun er hægt að prófa þessa aðferð á flestum svæðum sem eru notuð lítið eða óreglulega, allt frá

opnum svæðum í útjaðri bæjarins til hringtorga, segir Ralf. Þó sé sérstaklega áhugavert að beita kindum á svæði þar sem kerfill sé til vandræða, enda sé jurtin skæða ekki til vandræða á tünnum þar sem kindur gangi lausar.

Ekki spillir fyrir að dýrin gætu orðið vinsæl hjá fjölskyldum í gönguferð, segir Ralf. Í framhaldinu mætti skoða kerfi þar sem lóða-eigendur geti leigt kind eða kindur til að sleppa við að slá blettinn. Eftir er að skoða ýmsa þætti, til dæmis hvernig brugðist verði við sleppi dýrin úr girðingum, hversu mörg dýr þurfi á hvert tún og í hversu langan tíma.

- bj

Höfuðborgarsvæðið: Tóku dóp, sölu-mann og peninga

LÖGREGLUMÁL Lögregla fann fíkniefni og fjármuni við húseit í Kópavogi á föstudag. Um var að ræða kannabísefni, amfetamín og kókaín, samanlagt vel á annað hundrað grömm. Á sama stað var einnig lagt hald á töluvert af peningum sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Húsráðandi, karlmaður á þritugsaldri, var handtekinn. Hann hefur bæði játað að eiga fíkniefnin og að þau hafi verið ætluð til sölu.

Lögreglan minnir enn sem fyrr á fíkniefnasímann 800 5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál.

- jss

Skuldamáli í Hafnarfirði:

Samþykkja að veðsetja þrjár húseignir

HAFNARFJÖRÐUR Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur samþykkt að veðsetja þrjár húseignir bæjarins vegna skuldbreytinga á lánum. Um er að ræða húseignir á Sólvangsvogi 2 og Strandgötu 31 og 33.

Á Sólvangsvogi 3 er starfrækt heilsugæsla og hjúkrunarheimilið Sólvangur. Á Strandgötu 31 eru skrifstofur leikskóla Hafnarfjarðar og á númer 33 er Félagshjónustan í Hafnarfirði.

Í fundagerð bæjarráðs segir að veðsetningarhlutfallið verði að hámarki 35 prósent.

Lánin eru frá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga og Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar.

- gar

Stúlka fundin saklaus af falskri nauðgunarkæru vegna amfetamíneitrunar:

Sýknuð af að hafa ranglega kært þrjá menn

DÓMSMÁL Stúlka hefur verið sýknuð í Héraðsdómi Reykjavíkur af því að hafa ranglega kært þrjá karlmenn fyrir nauðgun. Dómurinn áleit ekkert hafa komið fram sem hnekkti staðhæfingu hennar um að hún hefði skynjað atburðinn með þeim hætti sem hún lýsti, þar sem hún hafði innbyrt mikið magn af amfetamíni.

Stúlkan kærði mennina fyrir að hafa nauðgað sér í húsi ofan við Sundahöfn í Reykjavík. Þeir voru handteknir og gengust þeir undir líkamsrannsókn, en voru síðan úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Þeim var sleppt að tveim dögum liðnum, fimm dögum áður en gæsluvarðhaldsúrskurðurinn rann út. Lögregla taldi ekki grundvöll til frekari rannsóknar. Mennirnir kærðu stúlkuna og kröfðust samtals tveggja milljóna króna í skaðabætur.

Stúlkan hafði verið á bar í Kópavogi með vinkonu sinni. Fyrir utan staðinn hittu þær þrjá ókunnuga menn og fóru heim til eins þeirra. Skömmu síðar kom fjórði maðurinn í íbúðina.

Einn mannanna bar að stúlkan hefði haft



NEYÐARMÓTTAKA Neyðarmóttaka þolenda vegna kynferðisofbeldis er í Fossvoggi.

fíkniefni meðferðis sem hún neytti í bifreiðinni og heima hjá manningum. Hún bar hins vegar að einn mannanna hefði „mokað“ í sig amfetamíni. Stúlkan hafði kynmök við þrjá menn í herbergi inni í íbúðinni, en vinkona hennar var frammi á meðan. Á upptöku í farsíma eins mannanna heyrir sú síðarnefnda segja að hún hafi aldrei séð vinkonu sína í

svona slæmu ástandi áður og biður mennina að spyrja hvort hún sé ekki að verða búin inni í herberginu. Eftir þetta segir einn mannanna við stúlkuna í herberginu að vinkona hennar sé orðin óþolinmód og virðist reyna að fá hana til að klæða sig í föt. Af upptökunni má ráða að stúlkan sinni ekki þeirri málaleitan en beini því til mannanna að hafa við sig kynferðismök.

Eftir atvikið óku mennirnir stúlkunum heim. Stúlkan sem um ræðir kvaðst gjarnan hafa viljað aka aðeins um með þeim. Í Grafarvogi hafi bílstjórnin hins vegar snarstopað bílinn og hent henni út úr honum. Hafi hún þá hringt í lögreglu, öskureið.

Rannsóknarstofa í lyfja- og eiturefnafræði staðfesti að styrkur amfetamíns í blóði stúlkunnar hefði mælst 700ng/ml. Eitrunarmörk væru miðuð við 200 til 400ng/ml. Lyfjafræðingur sem bar vitni sagði að svo mikið magn amfetamíns hefði þau áhrif að líkaminn væri allur í örvunarástandi, með aukinni hvatvísi og skertri dómgreind sem hefði mikil áhrif á ákvarðanatöku, ásamt aukinni kynhvatar.

- jss



ECO FUEL

	Volkswagen Passat EcoFuel 1.4 TSI	Hefðbundinn 2.0 lítra bensínbill af annarri gerð
Afl vélar	150 hestöfl	140 hestöfl
Langdrægni á metantanki*	450 km	0 km
Langdrægni á bensíni*	430 km	765 km
Samtals*	880 km	765 km
Eldsneytikostnaður 20.000 km**	160.934 kr.	308.550 kr.
Eyðsla 100 km blandaður akstur	6,9m3 metan / 7,2 l bensín	8,5 l bensín

* Miðað við blandaðan akstur

** Miðað við 80% akstur á metani og 20% á bensíni og verðlag 12. okt. 2009.

Vissir þú?

Að á Passat EcoFuel kemst þú frá Reykjavík til Akureyrar og til baka án þess að þurfa að fylla á eldsneytistankinn.

METANDAGAR HEKLU 12.-16. OKT. - Komdu og reynsluaktu metanbíl frá Volkswagen

METAN er innlendir orkugjafi

METAN er helmingi ódýrara en bensín



FUNDAÐ MEÐ RÁÐHERRA Forsvarsmenn Landssambands lífeyrissjóða funduðu með Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra snemma á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Viðskiptaráð Íslands vill að lífeyrissjóðirnir láni ríkinu:

Hugmyndin galin segir talsmaður LL

EFNAHAGSMÁL Mikill ávinningur yrði af því að greiða upp skuldbindingar ríkisins vegna Icesave með láni frá lífeyrissjóðunum, að mati Viðskiptaráðs Íslands. Hugmyndin er galin, segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða (LL).

„Aðkoma lífeyrissjóðanna í endurreisninni getur bæði verið fjölbættari og umfangsmeiri,“ segir í nýju álitni Viðskiptaráðs Íslands. Finna megi leið til að sjóðirnir geti komið að samningaborðinu við lausn Icesave-deilunnar.

„Mikill ímyndarlegur ávinningur væri fólgin í því að greiða upp skuldbindingar með láni ríkissjóðs frá lífeyrissjóðunum. Að sama skapi eru hagsmunir sjóðanna og hins opinbera samtvinnuðir á ýmsan máta og því mun betra að lífeyrissjóðir væru mótaðili slíks lána-samnings en erlendir ríkissjóðir,“ segir í álitinu.

„Þetta er alveg galin hugmynd,“ segir Hrafn. Hann segir miklu skipta fyrir lífeyrissjóðina að vera með hluta eigna sinna erlendis. Í lok

ágúst námu eignir erlendis samtals 515 milljörðum króna. Með því að lána ríkinu svo mikið fé verði í raun gegnumstreymi í lífeyrissjóðunum, áhættan stóraukist og mögulega þurfi að skerða réttindi sjóðfélaga. Þá verði raunveruleg hættu á því að lífeyrissjóðirnir verði þjóðnýttir.

Viðskiptaráð nefnir fleiri leiðir til að nýta lífeyrissjóðina, til dæmis til að flýta fyrir afnámi gjaldeyrishafta og lækkun stýrivaxta. „Með skattlagningu inngreiðslna má mýkja aðlögun ríkisfjármála. Framkvæmdir á vegum sjóðanna geta að sama skapi vegið upp á móti minna útgjaldasvigrúmi hins opinbera og þannig stutt við eftirspurn og atvinnustig,“ segir í tilkynningu ráðsins.

Hrafn segir tillögurnar greinilega afrakstur hugarflugsfundar hjá Viðskiptaráði, og stangist raunar að vissu leyti á. Talað sé um að lífeyrissjóðirnir komi að uppbyggingu samhliða því sem lagt sé til að skattur verði lagður á inngreiðslur, sem myndi draga verulega úr afli sjóðanna.

-bj, óká

ÓDÝRT ALLA DAGA!

Samloka
og Pepsi

299

kr.

Júmbósamloka
og 33 cl
Pepsi dós

alltaf í leiðinni!

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

www.volkswagen.is

Miklu ódýrari og lifir á lofti

Metanbíllinn Passat EcoFuel nú loksins fáanlegur

Settu saman þinn drauma Passat og byrjaðu að spara

Flestar útfærslur af Volkswagen Passat eru nú fáanlegar í metanútgáfu. Passat EcoFuel, vinsælasti metanbíllinn í Svíþjóð, er alveg eins og venjulegur Passat nema enn ódýrari í rekstri, er undanþeginn vörugjöldum og kemst tæpa 900 km án þess að þú þurfir að fylla á. Komdu og prófaðu kraftmikinn Passat og fleiri gerðir metanbíla frá Volkswagen á Metandögum 12.-16. október.

Passat EcoFuel® kostar aðeins frá
4.230.000 kr.



Das Auto.

BLÆJUBÍLAR geta haft slæm áhrif á eyru, samkvæmt nýrri bandarískri rannsókn. Við mikinn hraða myndast hljóð sem jafnast á við bor og til lengri tíma getur slíkt leitt til skertrar heyrnar.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Myndakökur og marsipanmyndir

fyrir öll tækifæri



Kaka.is

S. 578 5588 og 661 5588



Frábæru aðhalds haldararnir sem lækna mæla með fyrir bak og herðar.

Verð 6.990,-

Ynja
UNDERFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS



Signý tekur snjóbreitið stundum fram á veturna ef sá gállinn er á henni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HEYRN

Bjóðum úrval af döskum ReSound heyrnartækjum

Hjá Heyrn er veitt alhliða þjónusta til að bæta úr heyrnarskerðingu undir faglegri ábyrgð Ellisifjar K. Björnsdóttur, heyrnarfræðings.



Ellisif K. Björnsdóttir
heyrnarfræðingur

- * Heyrnarþjónusta
- * Heyrnarvernd
- * Heyrnarmælingar
- * Heyrnartæki
- * Ráðgjöf



dot by ReSound



ziga ReSound

ReSound
rediscover hearing

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - www.heyrn.is

Tímamantanir 534 9600

Frelsið er yndislegt

Signý Gunnardóttir segist alls ekki vera nógu dugleg að hreyfa sig og ætlar að bæta úr því. Samt ver hún stórum hluta ársins í jaðaríþróttir hvers kyns, ýmist á skíðum, snjóbreitti eða vatnaketti þegar veður leyfir.

„Ertu að grínast, ég er sko alls ekkert heilsufrík heldur frekar nammigrís ef eitthvað er,“ segir Signý Gunnarsdóttir hlæjandi, þegar blaðamaður hefur samband og segist hafa frétt að hún sé mikið gefin fyrir útivist. Hins vegar kemur á daginn að heimildirnar eru traustar.

Signý hefur allt frá barnsaldri haft brennandi áhuga á útiveru og jaðaríþróttum. Til marks um það eignaðist hún sitt fyrsta jet ski eða vatnakött aðeins tíu ára að aldri. „Það er nú eins gott að börnin mín lesi þetta ekki,“ segir hún og hlær. „En jú, þannig var nú mál með vexti að góðvinur pabba míns leyfði mér eitt sinn að prófa jet ski sem hann átti. Ég gleymi aldrei sælutilfinningunni sem

fylgdi,“ minnst hún og bætir við að litla dekurrofan hafi ekki linnt látum fyrr en faðir hennar keypti tækið.

Þegar unglingsárin færðust yfir kviknaði svo áhugi fyrir fleiri íþróttum. Fyrst skíðum, sem Signý æfði um árabil, og svo snjóbreittum. „Ég lagði skíðunum reyndar eftir að ég fór að renna mér á breitti. En þegar ég eignaðist krakkana seinna tók ég þau aftur fram. Ætli maður bíði bara ekki aðeins með breitti þangað til krakkarnir verða unglingar,“ segir hún.

Fjölskylda Signýjar er öll á kafi í íþróttum. „Krakkarnir hafa erfð áhugann og eru á skíðum og svo vil ég meina að mér hafi tekist að draga manninn minn með mér á

jet ski,“ segir hún og hlær. „Svo deilum við bara sportinu niður eftir árstíðunum. Á veturna rennum við okkur á skíðunum í Skálafelli ef veður leyfir og Bláfjöllum og svo er jet ski-ð tekið fram á sumrin. Börnin eru reyndar enn of ung fyrir það, kannski þau fái að spreyta sig þegar bílprófið kemur.“

En í hverju er aðráttarafl þessara íþróttá fólgið? „Mér finnst þetta alltaf jafn heillandi, enda búin að vera að í 23 ár. Ætli það sé bara ekki helst frelsistilfinningin, sem þessar íþróttir eiga allar sameiginlegt að veita. Svo nær maður alveg að gleyma stað og stund, hugurinn hreinsast. Og það er ekki leiðinlegt ef maður nær miklum hraða.“

roald@frettabladid.is



Jeppadekk - Heilsársdekk - Nagladekk

Minstu eftir að finna

besta verðið

áður en þú kaupir þér dekk

Sýndu fyrirhyggju - ekki lenda í biðröð

-15%

AFSLÁTTUR

BÍLKÓ



ATH. OPID Á LAUGARD.
KL. 10-14

TANKREM skal innihalda flúor að styrkleika 0,1 prósent, eða 1.000 ppm. Nota skal sama tannkremið fyrir alla fjölskylduna, en mismunandi mikið eftir aldri. Flúor heldur áfram að virka á tennurnar eftir tannburstun og því er mikilvægt að skola ekki, bara skyrpa. www.lydheilsustod.is



FLOTT Í VETUR...
með Slendertone

dömu/herra belti
Flex kr. 22.900,-
Flex Max kr. 27.900,-
System kr. 33.900,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Matargerð með ástúð og virðingu
Krúska er matstofa og verslun.
Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.

Verið velkomin!
KRÚSKA
VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG

KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is

Hefur þú viljann, þá hef ég uppskriftina ...

Lærðu að borða hollan og góðan mat og taktu á aukakílónum.
5 kíló á 5 vikum!

Sjá nánar á www.vigtarradgjafarnir.is

Íslensku Vigtarradgjafarnir
865-8407

Heimsóknavinir gefa lífinu lit

Heimsóknavinir **Kópavogsdeildar Rauða krossins** eru alls konar fólk á ýmsum aldri. Þeir heimsækja fólk á einkaheimilum og stofnunum í Kópavogi til að draga úr einsemd og félagslegri einangrun, gefa lífinu lit.

Gæti heimsóknavinur gefið þínu lífi meiri lit?

Heimsóknavinirnir eru sjálfbóðaliðar. Þeir veita félagsskap og nærveru. Til dæmis með því að spjalla, lesa, tefla, syngja og fara út að aka eða ganga. Margir reiða sig á heimsóknir sjálfbóðaliðanna til að gleyma gráma hvunnudagsins um stund.

Þekkirðu einhvern sem myndi hafa gott af því að fá heimsókn sjálfbóðaliða? Til dæmis einu sinni í viku, í klukkustund í senn?

Ekki hika við að hafa samband í síma 554 6626 eða í netfangið kopavogur@redcross.is.

Rauði kross Íslands Kópavogsdeild

Sjálfbóðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

Mætum miklum velvilja

Í bígerð er teiknimynd um kynferðisofbeldi gegn börnum sem unnin er í samstarfi nokkurra aðila. Felix Bergsson er leikstjóri og vinnur nú að handritsgerð ásamt tveimur nemendum Margmiðlunarskólans.

„Þetta verkefni er mjög stórt og skemmtileg áskorun fyrir mig. Það er krefjandi að finna leið til að koma svona viðkvæmu efni til skila á réttan hátt,“ segir Felix Bergsson leikari, sem vinnur nú að gerð teiknimyndar um kynferðislegt ofbeldi sem ætluð er grunn-skólabörnum.

Verkefnið, sem gengur undir nafninu „Segjum nei, segjum frá!“ er unnið í samstarfi ýmissa aðila undir hatti samtakanna Réttindi barna. Aðalhvatin að verkefninu kom upphaflega frá Félagsamtökunum Blátt áfram, sem vinna að eflingu forvarna gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, en einnig koma að því meðal annars Reykjavíkurborg, Menntamálaráðuneytið, Margmiðlunarskólinn og tölvufyrirtækið CCP, sem er sérlegur ráðgjafi við útfærslu myndarinnar.

Felix er leikstjóri og handritshöfundur. Hann segir verkefnið vera á frumstigi. „Nú er ég að vinna að sögupersónum myndarinnar með tveimur nemendum Margmiðlunarskólans, þeim Helgu Lóu Kristjánsdóttur og Sunnevu Björk Mogensen. Það er sérstaklega ánægjulegt að eiga í samstarfi við þessar hæfileikaríku stelpur. Í rauninni hefur verkefnið í heild mætt miklum velvilja og margir þjóðþekktir listamenn sem hafa ákveðið að leggja okkur lið,“ segir Felix. Hann segir



Felix Bergsson, leikstjóri og handritshöfundur teiknimyndarinnar, ásamt þeim Helgu Lóu Kristjánsdóttur og Sunnevu Björk Mogensen, nemendum í Margmiðlunarskólanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þó of snemmt að nefna nein nöfn í því sambandi.

Vinnan með söguhetjurnar í teiknimyndinni miðar að því að hægt verði að framleiða fleiri myndir um sama efni í framtíðinni. „Í þessari fyrstu mynd verða leyndarmál, bæði góð og slæm, tekin fyrir. Fjallað verður um hvernær á að segja frá og hvernær ekki og þar fram eftir götunum. Þó svo að verið sé að fjalla um alvarlegt efni höfum við líka til hliðsjónar að þetta sé skemmtilegt. Það er

naðsynlegt til að ná til þessa aldurshóps.“

Helga og Sunneva voru valdar úr nemendum Margmiðlunarskólans til þátttöku í verkefninu, en myndin er útskriftarverkefni þeirra. „Þetta er ótrúlega áhugavert og skemmtilegt verkefni. Við skilum sýnishorni um áramót og stefnt er á að myndin verði tilbúin næsta vör. Það fer nánast allur okkar tími í þetta, og það gæti varla gengið betur,“ segir Helga Lóa Kristjánsdóttir.

kjartan@frettabladid.is

Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

námskeið

Síðustu námskeið fyrir jó!

Skráning í alla TT flokka hafin, sími 581 3730

Seljum ósottar pantanir eftir 23. október

Þú getur byrjað strax að æfa.

Um leið og þú hefur greitt máttu mæta í opna kerfið þar til námskeið hefst **31. ágúst**

TT tímar í boði:

- 6:15 – mán, mið, fös
- 7:20 – mán, mið, fös
- 10:15 – mán, mið, fös - **Barnapössun**
- 12:05 – mán, mið, fös - **Barnapössun**
- 14:20 – mán, mið, fös
- 16:40 – mán, mið, fös - **Barnapössun**
- 17:40 – mán, mið, fös - **Barnapössun**
- 18:25 – **TT3** mán, mið
- 18:40 – **TT3** mán, þri
- 19:25 – mán, mið, fim (18:25)

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 1. nóvember kl. 15:00 og 16:00

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

Parketslípun
sölpallaslípun | parketlagnir

551 1309 / 890 5113
golfist@ golfist.is
www.golfist.is

Gólf list

Steinsteypusögun
- Kjarnaborun
Múrbrot - Niðurrif

B.B Steinsögun
Bbsteinsogun@simnet.is
Gsm: 896 7579

Viðhalds VERK ehf

Húsviðgerðir
Múrara, málarar og smíðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málnun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Stíflupjónusta

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salemum, vöskum, baðkerum og niðurtöllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.

Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Tölvur

Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun
Gerir við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun. Rikharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandráði leyst. 18 ára reynsla, fint verð, afsl. í félagi ÖBI & FEB. Stefán S. 821 6839.

Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

NUDD
Whole body massage. S. 841 8529.

Frábært heilnudd, fantastic massage. S. 869 8076 & 894 6823.

Spádómar

Spásími Daddýar 846 6364.
Opið frá kl. 12-24 alla daga. Ekkert mínútagjald Visa/Euro

Spálínur Sjáandans

Opið virka daga Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-22 þri.-fim

Sibba 908 2507 kl. 22-24

Spádómar og ráðgjöf

www.ortagalinan.is

Örtaga línan

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Steinunn 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Opið 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sírrý í s. 552 4244 & 823 6393.

-Símaspá - Einkatímar
Upplýsingar í síma 663 0813 & 554 3306. Elísabet.

Spái í spil, ræð drauma einnig í gegnum síma. Ekkert mínútagjald. S. 891 8727, Stella.

Önnur þjónusta

GreenHouse
Haust- vetrarlína GreenHouse. Verið velkomin að sækja frían bækling. Opið í dag þriðjudag kl. 13-19. Green House Rauðagerði 26.

Saumaverk
Tökum að okkur allan saumaskap, saumum fyrir hönnuði og fyrirtæki, einnig fatabreytingar og viðgerðir. Uppl. í s. 844 9301.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasimar
Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Trésmíði

smidaland.is
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

KEYPT & SELT

Til sölu

Motor sport

Þjófavarnirnar komnar aftur!
Nú einnig með reykskyjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.-

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

dancop

Eftirlitsspeglar

Verslunartækni
www.verslun.is
Sími 5251300 Drögháls 4 110 RVK

Til sölu vinnrautt handfið ullarteppi frá Afganistan. Stærð 2 x 3 metrar. Matsverð c.a. 300 þús kr. Möguleg skipti á málverki. Nánari uppl. í s. 561 2066.

Ódyrt rúm!! dýna 2x2 með sökkli. Nýlegt. S. 845 4072.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Kaupi gull !
Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripa af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Leitið til fagmanns.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,

Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldþyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Hljóðfærir

Tilboð

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.-
Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.-
Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.-
Hljómborð frá kr. 8.900 Trommuset kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

Vélar og verkfæri

Óska eftir að kaupa notaða súluþorból og fleiri járnsmíðavélar. Uppl. í s. 897 6630.

Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s. 555 7905 og ulfurinn.is

Verslun

Full búð af nýjum vörum! Emillía Bláu húsin Faxafeni clamal.is s: 588-9925

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla













Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Bílar til sölu

ÚRVAL AF NOTUÐUM BÍLUM

ATHUGIÐ AÐ SÖLUSKRIFSTOFUR BÍLALANDS ERU STAÐSETTAR AÐ FOSSHÁLSI 1 OG SÆVARHÖFÐA 2

 <p>Hyundai Santa Fe V6 Nýskr. 06/2006, sjálfskiptur, ekinn 45 þ.</p> <p>Verð kr.: 2.990.000</p>	 <p>Nissan Navara SE Nýskr. 06/2006, sjálfskiptur, ekinn 61 þ.</p> <p>Verð kr.: 3.580.000</p>	 <p>Nissan Qashqai SE Nýskr. 07/2007, sjálfskiptur, ekinn 38 þ.</p> <p>Verð kr.: 3.080.000</p>	 <p>Nissan X-Trail SE Nýskr. 07/2007, sjálfskiptur, ekinn 15 þ.</p> <p>Verð kr.: 4.180.000</p>	 <p>Isuzu D-Max Nýskr. 06/2006, sjálfskiptur, ekinn 39 þ.</p> <p>Verð kr.: 2.380.000</p>	 <p>Land Rover Discovery III SE Nýskr. 08/2006, sjálfskiptur, ekinn 47 þ.</p> <p>Verð kr.: 5.680.000</p>
 <p>BMW 318i Nýskr: 11/2004, 2000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, ekinn 59 þ.</p> <p>Tilboðsverð kr.: 2.620.000</p>	 <p>HONDA CR-V Nýskr: 09/2004, 2000cc 5 dyra, Beinskíptur, Ljósgrár, ekinn 90 þ.</p> <p>Verð kr.: 1.990.000</p>	 <p>NISSAN PATROL Nýskr: 02/2006, 3000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, ekinn 78 þ.</p> <p>Tilboðsverð kr.: 4.400.000</p>	 <p>OPEL CORSA Nýskr: 07/2006, 1200cc 5 dyra, beinskíptur, ljósgrár, ekinn 33 þ.</p> <p>Verð nú kr.: 1.190.000</p> <p>Verð áður: 1.400.000</p>	 <p>SUBARU IMPREZA Nýskr: 08/2006, 2000cc 4 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 22 þ.</p> <p>Verð kr.: 2.200.000</p>	 <p>SUBARU LEGACY Nýskr: 09/2005, 2000cc 4 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 77.600 þ.</p> <p>Verð kr.: 2.590.000</p>

Grjótháls & Fossháls

MIKIÐ ÚRVAL FÓLKSBÍLA, JEPPA OG ATVINNUBÍLA

Sævarhöfði

bílaland
BILALAND.IS S: 575 1230
Sævarhöfða 2 Fosshálsi 1



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigurlaug Jónsdóttir

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 10. október. Útförin verður auglýst síðar.

Pálína Oswald Edvard **Pétur Ólafsson**
Kristján Andreas Ágústsson **Bryndís Konráðsdóttir**
Jón Frimann Ágústsson **Hallfríður Ólafsdóttir**
Þóroddur Ágústsson **Anne S. Svansson**
Guðríður Ágústsdóttir **Gunnlaugur Kr. Gunnlaugsson**

ömmu- og langömmubörn.



+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Evar Sigfússon
fv. verkstjóri og fiskmatmaður
frá Bergholti Raufarhöfn,

lést á líknardeild Landspítalans 10. október. Útförin fer fram frá Garðakirkju mánudaginn 19. október kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki.

Linda Björk Ævardsdóttir **Kristján Steinar Kristjánsson**
Þórunn Elfa Ævardsdóttir **Björn Sigurðsson**
og barnabörn.



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,
Kurt Sigurður Nielsen

lést miðvikudaginn 7. október. Útförin fer fram í Horsens í Danmörku fimmtudaginn 15. október.

Fríða G. Hafberg **Freyja Lárusdóttir**
Guðmundur Þór Sigurðsson **Gunnar Rúnarsson**
Nína Rún Sigurðardóttir Nielsen **Afabörninn, Andrea, Ívar Örn, Alexandra og Axel Þór.**
Brynja Breiðfjörð Herbertsdóttir
Þórunn Huld Nielsen



+

Okkar ástkæra
Edda Hjaltested
hjúkrunarfræðingur,
Sóltúni 9,

verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 14. október kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlega bent á styrktarsjóð Sólheima – sjá nánar solheimar.is.

Pétur Sveinbjarnarson **Grethe Hjaltested**
Fríðrik Örn Hjaltested
Óli Rafn Jónsson **Valgerður Magnúsdóttir**
Guðmundur Ármann Pétursson **Birna Ásbjörnsdóttir**
Eggert Pétursson **Malin Svansson**
Walter Hjaltested **Svandís Guðmundsdóttir**
Jytte Hjaltested **Gunnar Geirsson**
Jens Pétur Hjaltested **Anna Kristín Kristinsdóttir**



+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma
Guðbjörg K. Arndal
til heimilis að Austurbyggð 17, Akureyri,

andaðist aðfaranótt 3. október á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 16. október kl. 15.00.

Kristín Jóhannesdóttir Arndal **Stigur Sæland**
Guðrún Jóhannesdóttir
Oktavía Jóhannesdóttir **Karl Ágúst Gunnlaugsson**
Reynir Reynisson **Ásta Júlía Theodórsdóttir**
ömmubörn og langömmubörn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ásta Sigrún Oddsdóttir
Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, föstudaginn 9. október. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 21. október kl. 13.00.

Anna Lísa Blomsterberg **Hlini Pétursson**
Kristín Blomsterberg Ahl **Bengt Ahl**
Fríðrik Blomsterberg **Alda G. Jóhannesdóttir**
Sigrún Blomsterberg **Fríðrik Jósafatsson**
Ellen Blomsterberg **Einar Sigurðsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Elskuleg systir okkar, frænka og vinkona,
Kristjana A. Johnsen

sem lést þann 6. október, verður jarðsöngin frá Kristskirkju Landakoti miðvikudaginn 14. október kl. 15.00.

Systkini, ættingjar og vinir.



+

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,
Svanhvít Kristjánsdóttir

lést 10. október á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund Reykjavík.

Þóroldur Pálsson
Eydís María Þóroldsdóttir **Sigurður Ómar Ásgrímsson**
Dóra Kristín Þóroldsdóttir **Einar Baldvin Axelsson**
Inga Þóroldsdóttir
Kristján Máni, Eva Kristín, Svanhvít Þóra, María Björk, Hildur Herdís og Axel Þór.

+

Elskulegur frændi okkar,
Sigfús Ragnar Daniélsson
frá Bjargshóli, Miðfirði,

sem lést á Grund fimmtudaginn 1. október sl., verður jarðsöngin frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 15. október kl. 11.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðlaug Sigurðardóttir
Daníel Þórisson
Helgi Þórisson
Alexander Þórisson



+

Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát eiginnmans míns og föður,
Þorgríms Jónssonar
tannlæknis.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði fyrir góða umönnun í veikindum hans.

Hulda Jósefsdóttir
Anna Þorgrímsdóttir

+

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,
Guðríður Hannibalsdóttir
Gvendargeisla 92, Reykjavík,

lést á Kvennadeild Landspítalans föstudaginn 9. október 2009. Útförin fer fram frá Langholtskirkju í dag, þriðjudag 13. október, kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Óli Theódór Hermannsson
Gunnar Þór Hilmarsson **Brenda Sjöberg**
Ágústa Óladóttir **Páll Bryngeirsson**
Bjarkar Þór Ólason **Olga Hrönn Olgeirsdóttir**
Hrund Ýr Óladóttir **Sigurður Árni Magnússon**
og barnabörn.



+

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlyðug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,
Hallgríms Ólafssonar
Dalbraut 29, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks A-deildar Sjúkrahúss Akraness.

Guðný Sigurðardóttir
Guðmundína Hallgrímsdóttir **Matthías Pálsson**
Ólafur Hallgrímsson **Sigþóra Gunnarsdóttir**
Hörður Hallgrímsson **Geirlaug Jóna Rafnsdóttir**
og afabörn.



+

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,
Sigrún Helgadóttir
Borgarheiði 41, Hveragerði,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 8. október. Jarðsöngið verður frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 16. október kl. 14.00.

Guðmundur Valgeir Ingvarsson **Simon A. Pálsson**
Lilja Guðmundsdóttir **Össur E. Friðgeirsson**
Guðrún Guðmundsdóttir **Sigríður Magnúsdóttir**
Björn Guðmundsson **Ken Drake**
Jóna Helgadóttir Drake **Elisa Simonardóttir**
Árni Helgason **Fríða S. Haraldsdóttir**
Sigurbjörn Helgason **Þorgerður Þorvaldsdóttir**
Jón Helgason **Gerður Janusdóttir**
Eiríkur Gylfi Helgason
Sigrún, Dagrún Ösp, Íris Alma, Katrín Eik, Magnús Geir og Helgi.



+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir amma og langamma,
Gríma Thoróddsen
Vallargötu 20, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fimmtudaginn 8. október. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 16. október kl. 14.00.

Sumarliði Gunnarsson
Bolli Thor Valdimarsson **Helga Guðjónsdóttir**
Gunnar Sumarliðason **Birna Þórðardóttir**
Ingibjörg Sumarliðadóttir **Jarl Larsen**
Kristín Sumarliðadóttir **E. Roy Arris**
Ragnhildur Sumarliðadóttir **Sigurjón Kristjánsson**
Ásthildur Sumarliðadóttir **Þróstur Elliðason**
barnabörn og langömmubörn.



+

Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð, ómetanlega hlyju og vinarhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Svanhildar Sumarrósar Leósdóttur
Ytra-Krossanesi, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Gjörgæsludeildar Sjúkrahúss Akureyrar.

Kristján Þórðarson **Manevan Yothakong**
Guðmundur Kristjánsson **Jósep Hallsson**
Laufey Kristjánsdóttir **Kristbjörg Anna Guðmundsdóttir**
Ingvar Kristjánsson **Katrín Eiðsdóttir**
Arnar Kristjánsson **Freydís Gunnarsdóttir**
Brynjari Kristjánsson **Freydís Gunnarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



PRENGIR AÐ LISTAMÖNNUM Christian Schoen, formaður Kynningarmiðstöðvar fyrir íslenska myndlist, segir lítið um styrki fyrir listamenn í kjölfar kreppunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kreppan heftir íslenska listamenn

Íslenskum myndlistarmönnum hefur reynt erfitt að fá styrki í kjölfar bankakreppunnar. Christian Schoen, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvar íslenskra myndlistarmanna, segist hafa miklar áhyggjur af framvindu mála. „Ég held að þetta muni hafa slæm áhrif á íslenska listasenu. Þó kreppan sjálf hafi ekki bein áhrif á listsköpun íslenskra listamanna þá er mikilvægt að halda áfram að að kynna íslenska list á erlendum vettvangi,“ segir Christian.

Kynningarmiðstöðin starfar meðal annars sem tengiliður íslenskra listamanna við alþjóðlegan myndlistarvettvang og fer með framkvæmd þátttöku Íslendinga í Feneyjatvíæringnum. Aðspurður segir Christian Kynningarsjóðinn finna mikinn mun í ár miðað við fyrri ár hvað styrkveitingar varðar. „Það fjármagn sem við fáum frá ríkinu dugur skammt

og gengislækkunin gerir ástandið enn verra. Listamenn hafa þurft að hætta við sýningar erlendis vegna skorts á fjármagni.“

Kynningarmiðstöðin styrkir meðal annars íslenska myndlistarmenn til starfa og sýningarhalds í útlöndum með úthlutun styrkja, en að sögn Christians er sjóðurinn þegar þurrausinn. Aðspurður segir hann hafa miklar áhyggjur af ástandinu. „Ég er meðvitaður um það að verið er að skera niður á öllum sviðum, en ég tel mikilvægt að hlúa að íslenskri list og menningu þrátt fyrir kreppuna. Svo lengi sem við getum haldið skrifstofu Kynningarmiðstöðvarinnar gangandi þá er ekki allt tapað. Við ætlum að einbeita okkur að því sem við höfum og því góða starfi sem við höfum unnið og munum til dæmis efla vefrit okkar sem fjallar um íslenska list,“ segir Christian að lokum.

Víkingur vígir flygill

Á morgun og fimmtudag verður tekinn í notkun nýr flygill í Selinu á Stokkalæk á Rangárvöllum. Þetta er nýr Steinway flygill og verður hljóðfærið vígt með tvennum tónleikum Víkings Heiðars Ólafssonar píanóleikara. Flygillinn valdi Víkingur Heiðar á liðnu sumri eftir langa leit í London og Hamborg.

Á efnisskrá tónleikanna verða meðal annars fluttar útsetningar Víkings Heiðars á íslenskum sönglögum og útsetningar Snorra Sigfúsar Birgissonar tónskálds á íslenskum þjóðlögum auk verka eftir Bach, Bartók, Debussy og Chopin. Miðapantanir eru í síma 487 5512 eða 864 5870, en báðir tónleikarnir hefjast kl. 20.

Í framhaldi þessara tónleika mun Víkingur Heiðar halda masterklassnámskeið í Selinu á Stokkalæk 16.-18. október og verður þar með átta lengra komna nemendur sem flestir stefna að þátttöku í EPTA-píanókeppninni í Salnum í Kópavogi 4.-8.



TÓNLIST Víkingur Heiðar.

nóvember næstkomandi. Nemendurnir fá daglega einkatíma og fær hver þeirra sitt hljóðfæri til æfinga. Námskeiðið er opið áheyrendum og í lok þess, sunnudaginn 18. október kl. 19, verða sérstakir nemendatónleikar. Aðgangur er ókeypis og nánari upplýsingar um námskeiðið má finna í fréttum á vef tónlistarsetursins, stokkalækur.is.

uppruna og byggingu stjórnarráð Bandaríkjanna Norður-Ameríku hjá Háskólanum á Akureyri, Sólborg, (L201) við Norðurslóð.

12.05 Inga Lára Balvindsdóttir kynnr Ljósmyndasafn Íslands, söfnun og skráningu, á hádegisfyrirlestri í **Þjóðminjasafninu** við Suðurgötu. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

17.30 Matti Ósvald flytur erindið: „Góð heilsa er auðveldari en þú heldur“ hjá Maður lifandi í Borgartúni 24.

20.00 Rúnar Vilhjálmsson prófessor við HÍ flytur erindið um lífsstíl og heilsu fullorðinna hjá Íþróttafélaginu Glóð, Gjabakka að Fannafold 8 í Kópavogi. Að fyrirlestri loknum mun hann svara spurningum um efnið. **Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.**

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 13. október 2009

→ Kvikmyndir

20.00 Kvikmyndasafnið sýnir kvikmynd leikstjórans Frank Beyer „Spur der Steine“ (1966), í **Bæjarbíói við Strandgötu** í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

→ Uppákomur

21.00 **Sultan Eldmóður** stendur fyrir Boðskvöldi á Bakkus við Tryggvagötu 22 (Naustamegin), þar sem fram kemur lista listafólkið Alex Staiger, Sally og Mo, Una Sigurðardóttir, Katrín I. Jónsdóttir Hjördisardóttir, Friðrik Grétarsson og Óskar Einarsson.

→ Fyrirlestrar

12.00 Mark Weiner flytur erindi um

Bókmenntir ★★

Þvílík vika

Guðmundur Brynjólfsson

Útgefandi: Vaka Helgafell



Unglingasaga verðlaunuð

Tuttugasta og fimmta verðlaunabókin í hinni árlegu barnabókasmkeppni sem Ármann Kr. Einarsson kom á fót í samstarfi við Ólaf Ragnarsson útgefanda er ætluð unglingum, þeim hópi lesenda sem harðast er sótt að með nýjum ritmiðlum: síma, heimasíðuskrifum og ritmiðlum í auglýsinga- og tónlistartextum. Unglingabækur eru merki- legur miðill sem er afar erfitt að fóta sig á. Þær verða

að vera í náinni snertingu við kröfuharða lesendur, hafa sterka tilvísun til nútímans eins það er að mótast í síðum á slangri. Enginn hópur er í eins mikilli söguneyslu af öllu tagi og því er erfitt að gera honum til hæfis.

Guðmundur er að reyna það. Hann skrifar sögu sína sem er skýrt afmörkuð í tíma og rúmi, gerist á einni viku, á okkar dögum og lýsir hversdagslegum og átakamiklum tíma í lífi nokkurra unglinga. Sjónarhorn sögumannsins er vel unnið, málfærið hressilegt og lifandi og persónusköpun hans vel hugsuð. Hann dregur síðan fram nokkur sigild viðfangsefni þroskasögunnar: vináttutengsl, andóf gegn yfirvaldi foreldra og kennara, misvægi í verðmætumati og loks hina ungu ást. Allt er þetta þrýðilega hugsuð, en þá langt er liðið á söguna fer lesandinn að spyrja, á þetta að verða án nokkurra stórra tíðinda? En það kemur þá í ljós með litlum fyrirvara.

Sagan er þannig vel heppnuð og vandlega hugsuð. Það gætir í henni siðaboðunar en hún er vandlega hulin, en hræddur er ég um að einhverjir ungir lesendur fitji upp á nefið við að skynja hann.

Páll Baldvín Baldvínsson

Niðurstaða: Verðlaunabók að metum. Vel hugsuð og unnin saga.

25% afsláttur

1123 ZF6866
Tjaldlukt
Verð áður 2.390 kr.
Verð nú 1.790 kr.

25% afsláttur

1123 ZF7320
Led vasaljós
Verð áður 4.250 kr.
Verð nú 3.187 kr.

25% afsláttur

010 1F8007560131
Kastari
Verð áður 21.900 kr.
Verð nú 16.425 kr.

25% afsláttur

1123 ZF6803
Led vinnuljós
Verð áður 5.490 kr.
Verð nú 4.117 kr.

25% afsláttur

350 7782372003
Snúningsljós
Verð áður 19.900 kr.
Verð nú 14.925 kr.

25% afsláttur

010 1F8007560321
Kastari
Verð áður 22.757 kr.
Verð nú 17.670 kr.

25% afsláttur

063 700004588
Led ljós m/segli
Verð áður 2.490 kr.
Verð nú 1.867 kr.

25% afsláttur

1123 ZF6808
Led vinnuljós
Verð áður 6.850 kr.
Verð nú 5.137 kr.

25% afsláttur

010 1G3003710021
Vinnuljós
Verð áður 13.621 kr.
Verð nú 10.215 kr.

25% afsláttur

OSRAM bílaperur

Tilboðin gilda út október eða á meðan birgðir endast.

N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 WWW.N1.IS Sími 440 1000

Meira í leiðinni



ERTU TIL ÞEGAR Á REYNIÐ?

Rauði kross Íslands óskar eftir sjálfboðaliðum til aðstoðar þegar áföll verða. Þessi LIÐSAUKI mun efla Rauða krossinn á neyðartímum. Stöndum saman og leggjum okkar af mörkum til að tryggja skjót viðbrögð þegar á reynir. Framlag hvers og eins er dýrmætt. [Skráðu þig núna á \[www.raudikrossinn.is\]\(http://www.raudikrossinn.is\)](http://www.raudikrossinn.is) eða í síma **570 4000**.



NÝI KAUPÞING BANKI
Er bakhjarl Rauða krossins



Rauði kross Íslands

raudikrossinn.is

> Strákarnir spila í Grindavík í dag

Íslenska U-21 árs landsliðið sem Eyjólfur Sverrisson og Tómas Ingi Tómasson þjálfa mætir því norður-íríska á Grindavíkurlivelli í dag. Leikurinn hefst klukkan 15.00. Leikurinn er liður í undankeppni EM 2011. Ísland tók lið San Marínó í bakariði í slagveðrinu síðasta föstudag. Lokatölur 8-0. Verður áhugavert að sjá hvort strákarnir geti fylgt þeim frábæra leik eftir í Grindavík í dag þar sem eflaust mun einnig blása nokkuð hraustlega.

sport
sport@frettabladid.is



ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: SPENNANDI AÐ MÆTA SUÐUR-AFRÍKU

Brasilískir taktar í suður-afríska landsliðinu

Ísland mætir í kvöld Suður-Afríku í vináttulandsleik á Laugardalsvöllinum en leikurinn hefst klukkan 18.10. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari á von á hörkuleik.

„Ég hef verið að kynna mér liðið og þeir vilja greinilega spila brasilískan fótbolta. Þetta eru mjög flinkir leikmenn sem búa yfir mikilli tækni. Það er góð hreyfing á boltalausum mönnum og þótt þeir fari kannski ekki mjög hratt upp að marki andstæðinganna þá eru þeir afar leiknir,“ sagði Ólafur.

Úrslitakeppni HM í knattspyrnu fer fram í Suður-Afríku á næsta ári. Mikil áhersla hefur því verið lögð á að undirbúa liðið sem allra best fyrir átök næsta sumars. Þjálfari Suður-Afríku er Brasilíumaðurinn Joel Santana en hann hefur verið gagnrýndur fyrir slæman árangur liðsins á undanförmum mánuðum. Suður-Afríka tapaði fyrir Noregi um helgina og margir telja að hann verði látinn fara ef liðið vinnur ekki sigur á Íslandi í dag.

„Leikurinn kemur eflaust til með að snúast um hvort liðið vilji sigurinn meira. Aðstæður eru eins og þær eru

og eflaust verður mikið talað um það. En ef okkar menn fara inn á völlinn til að gera það sem við gerum best þá verðum við í finu lagi,“ sagði Ólafur.

„En ég tel að það verði fyrst og fremst gaman fyrir okkur að fá að spila á móti svona liði enda spilar það öðruvísi fótbolta en þau lið sem við höfum verið að spila við. Það verður mjög spennandi að sjá hvornig við munum spjara okkur í þessum leik.“

Hann á ekki von á því að það verði erfitt til að fá menn upp á tærnar fyrir leik kvöldsins þó svo að um æfingaleik sé að ræða og langt þar til Ísland spilar næst alvöru keppnisleik. „Auðvitað eru æfingaleikir af allt öðrum toga en keppnisleikir en við höfum farið vel yfir þessi mál. Við viljum að menn leggi allt sitt í alla leiki sem við spilum. Við höfum núna átta tvo góða leiki í röð og vonandi verður áframhald á því.“




HELGI SIGURÐSSON Kominn heim í heiðardalinn.

Helgi Sigurðsson í Víking:

Mun ekki slaka á hjá Víkingi

FÓTBOLTI Helgi Sigurðsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við 1. deildarlið Víkings. Auk þess að leika með liðinu mun hann taka að sér þjálfun í tengslum við nýja afreksstefnu félagsins.

„Það réði mestu að ég var að koma heim til félagsins sem ól mig upp,“ segir Helgi. „Auk þess er það spennandi áskorun að fá að taka þátt í þeirri baráttu að koma félaginu aftur upp í úrvalsdeild. Það er mikill metnaður í Víkingi og lít ég svo á að ég sé aðeins að taka mér ársfrí frá úrvalsdeildinni. Ég er ekki kominn hingað til að slappa af.“



WAYNE ROONEY Meiddist í Úkraínu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Wayne Rooney:

Ekki með á miðvikudag

FÓTBOLTI Wayne Rooney meiddist á kálfa í leik Englands og Úkraínu um helgina og missir því af landsleik Englands gegn Hvíta-Rússlandi á miðvikudaginn.

Steven Gerrard verður hins vegar áfram í leikmannahópnum og er ekki útilokað að hann geti tekið þátt í leiknum.

Robert Green markvörður fékk að líta rauða spjaldið um helgina og ákvað Fabio Capello landsliðsþjálfari að velja Ben Foster í hans stað í landsliðshópinn. Líklegt er þó að David James verði í byrjunarliðinu á miðvikudaginn.

Erfitt að þurfa að sitja á bekknum

Eiður Smári Guðjohnsen segir að það hafi verið erfitt að setta sig við að sitja á varamannabekknunum í síðasta leik AS Monaco í frönsku úrvalsdeildinni. Hann segir að þó sé engan bilbug á honum að finna.

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen á nú sinn fyrsta mánuð að baki með nýju félagsliði en um þarsíðustu mánaðamót gekk hann til liðs við franska úrvalsdeildarfélagið AS Monaco. Byrjunin hefur þó reynt honum erfið. Hann hefur aldrei fengið að spila heilan leik og var settur á bekkinn þegar liðið mætti Marseille á útivelli um þarsíðustu helgi. Það reyndist erfitt að kyngja því.

„Jú, auðvitað var það erfitt,“ sagði Eiður Smári. „Það er alltaf leiðinlegt að vera á bekknum og ekki hægt að venjast því. En þjálfarinn ræddi við mig um þá ákvörðun sína og þetta var ekkert stórmál. Þetta er heldur ekkert sem við munum dvelja við lengi.“

Hann segir dvöl sína hafa verið ágæta þrátt fyrir allt þó svo að viðbrigðin hafi vissulega verið mikil. „Þetta er aðeins stærri breyting en ég átti von á. Þetta veltur mikið á því hversu vel mér mun ganga að aðlagast fótboltanum. Þá verður allt annað enn betra,“ sagði hann. „Ég þarf að læra inn á styrkleika liðsins og liðsfélagar mínir inn á mína styrkleika. Þetta kemur með tímanum.“

Hann segist ekki hafa flugað hvort hann hafi tekið ranga ákvörðun með því að fara í franska boltann. „Nei, alls ekki. Þeir vita það sem hafa fylgst með mínum ferli að ég hef ekki forðað mér frá hinum og þessum félögum. Það er bara undir mér komið að sýna hvað í mér býr.“

Ísland mætir í kvöld liði Suður-Afríku í vináttulandsleik á Laugardalsvöllinum. Síðast átti Eiður Smári frábæran leik með landsliðinu þegar það lék gegn Noregi í síðasta mánuði. Hann skoraði þá eina mark liðsins í 1-1 jafntefli en Ísland fékk þó fjölda tækifæra



MED TEIPADA ÖXL Stefán Stefánsson sjúkraþjálfari hugar hér að Eiði Smára Guðjohnsen fyrir æfingu landsliðsins í Kórnum gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

til að skora fleiri mörk í leiknum „Þetta var frábær leikur og sorglegt að hafa ekki unnið hann. Ég hef svo sem ekkert verið að spá í það hvort þetta hafi verið betri leikur en einhver annar hjá mér. Það er bara gaman að spila vel og skora mörk. Vissulega fann ég mig vel í honum en ég held að fólk sé oft fljótt að gleyma í fótboltanum. Það er oftast það neikvæða sem situr eftir.“

Hann segist einnig aðspurður ánægður með að Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari hafi fram- lengt samning sinn til næstu tveggja ára. „Það voru góðar fréttir. Það hafa verið viss merki um að við séum á réttri leið með liðið. Við þurfum þó að finna stöðugleika og sýna jafnari leik. Við höfum verið svolítið sveiflukenndir. Auðvitað var ömurlegt að sjá Ísland í neðsta sæti okkar

riðils í undankeppninni en miðað við spilamennsku okkar áttum við kannski að vera ofar en við vorum. Stigataflan lýgur þó ekkert – þannig er það bara.“

Og honum líst vel á að Ísland spili eins marga leiki og möglegt er. „Það er alltaf gott að koma saman og spila sem flesta leiki. Nú horfum við bara til veðurguðanna og vonum að þeir verði góðir við okkur.“

eirikur@frettabladid.is

Adidas-umboðið á Íslandi mun áfram verðlauna markahæstu leikmenn Pepsi-deildar karla:

Gullskór Adidas verður áfram afhentur

FÓTBOLTI Gullskór Adidas hefur verið veittur markahæsta leikmanni efstu deildar karla í knattspyrnu síðan 1983 og verður engin breyting þar á í ár. Athygli vakti á verðlaunaafhendingu KSÍ í síðustu viku að þar voru þrjú markahæstu leikmenn Pepsi-deildar karla og kvenna verðlaunaðir með skildi.

Bjarki Magnússon, markaðs- stjórnari Sportmanna ehf., segir í samtali við Fréttablaðið að það hafi verið meðvitað ákvörðun að afhenda ekki skóna við það tilefni. „Í fyrra lentum við í vandræðum með að koma skónum til landsins í tæka tíð fyrir lokahóf KSÍ. Í ár var svo ekkert lokahóf haldið og ákváðum við því að við skyldum halda utan um afhendinguna sjálfir og gera henni aðeins stærra undir höfði,“ sagði Bjarki.

Hann segir að Adidas-umboðið hefði aldrei verið í neinu sérstöku samstarfi við KSÍ vegna verðlauna- anna. „Það hefur verið afmarkað



FÁ SKÓNA GÓÐU Atli Viðar Björnsson fær silfurskóinn, Björgólfur Takefusa gullskóinn og Alfreð Finnbogason bronsútgáfuna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

við það að við fengum að mæta á lokahóf sambandsins þar sem skórnir voru afhentir.“

Gullskórinn verður því afhentur síðar í haust í 27. sinn en eins og undanfarin ár verða þrjú marka-

hæstu leikmenn deildanna tveggja verðlaunaðir með gull-, silfur- og bronsskóm.

Björgólfur Takefusa var markahæsti leikmaður Pepsi-deildar karla í ár með sextán mörk. Þegar

Fréttablaðið hafði samband við hann í gær hafði hann ekki fengið að vita að það stæði enn til að hann fengi gullskóinn.

„Það er gott að heyra. Ég hafði vonast til þess að það yrði haldið í þessa hefð enda búið að vera við lýði síðan ég man eftir mér.“

Hann neitaði því ekki að það hefði verið einkennilegt að þrjú markahæstu leikmenn deildanna hefðu ekki verið verðlaunaðir með skónum góðu.

„Ég heyrði aldrei neitt meira um málið og hafði því ekki hugmynd um hvort þetta hefði verið aflagt eða ekki,“ bætti hann við.

Björgólfur bætist nú í hóp þeirra sem hafa unnið gullskóinn tvívegis. Hinir eru Arnar Gunnlaugsson, Guðmundur Steinsson, Hörður Magnússon, Steingrímur Jóhannesson og Tryggvi Guðmundsson. Björgólfur er þó sá fyrsti sem á nú bæði tvenna gullskó sem og tvenna silfurskó. -esá



FABIO CANNAVARO Ekki sáttur við fjölmiðlana í heimalandinu.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Fabio Cannavaro: Reiður við fjölmiðla

FÓTBOLTI Ítalski landsliðsmaðurinn Fabio Cannavaro segir að ítalskir fjölmiðlar hafi gengið allt of langt í umfjöllun sinni þegar hann féll á lyfjaprófi. Hann hefur nú verið hreinsaður af ásökunum en hann fékk lyf eftir að hafa orðið fyrir býflugustungu. Það felldi hann á prófinu en búið er að greiða úr misskilningnum.

„Ég var sleginn í punginn af fjölmiðlum og það var sárt. Ef þið skiljið ekki hvað ég er að segja þá skal ég endurtaka það,“ sagði Cannavaro reiður á blaðamannafundi.

„Samviska mín er hrein. Ég var stunginn af býflugu en í blöðunum má lesa að ég sé að nota ólögleg lyf. Þegar ég sá þetta fyrst hélt ég að mig væri að dreyma. Það er búið að gera allt of mikið úr þessu máli. Ég vona að málinu sé lokið enda hef ég alltaf farið eftir settum reglum,“ sagði Cannavaro.

- hbg



EMILE HESKEY Þarf líklega að skipta um félag.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Emile Heskey: Íhugar að fara frá Villa

FÓTBOLTI Emile Heskey hefur viðurkennt að hann íhugi nú að yfirgefa herbúðir Aston Villa til að auka líkurnar á því að hann verði valinn í HM-hóp Englands.

Heskey var kallaður aftur í enska landsliðið fyrr á þessu ári eftir sex ára fjarveru. Hann náði sér vel á strik með Wigan og var keyptur til Aston Villa í kjölfarið.

Hann hefur hins vegar átt erfitt með að tryggja sér fast sæti í byrjunarliði Villa á þessari leiktíð.

„Ég er mjög ánægður með að ég skuli fá að spila með enska landsliðinu en það er erfitt að fá ekki að spila með sínu félagi,“ sagði Heskey í samtali við enska fjölmiðla en hann var í liðinu gegn Úkraínu um helgina.

„Það er atriði sem ég þarf að skoða þegar ég kem til baka (eftir landsleikjahléið),“ sagði Heskey við enska fjölmiðla.

Eflaust eiga mörg félög eftir að taka við sér í kjölfar þessara tíunda enda er Heskey með mikla reynslu í efstu deild og getur enn skorað mörk og látið til sín taka í teignum.

- esá

Danir í sigurvímu eftir helgina og stríða sárum Svíum – stinga upp á afþreyingu fyrir þá í sumar:

Geta haldið HM í munntóbakstroðslu

FÓTBOLTI Danir tryggðu sig inn á HM næsta sumar með góðum sigri á Svíum á Parken um helgina. Svíar eiga að sama skapi afar litla möguleika á að tryggja sér farseðilinn til Suður-Afríku.

Íþróttavefurinn sporten.dk tók upp á því að stríða Svíum ærlega í gær og kom með tíu hugmyndir um hvað Svíar gætu gert til þess að stytta sér stundirnar næsta sumar þar sem þeirra lið væri ekki á HM.

Hugmyndirnar voru margar hverjar skemmtilegar og ein þeirra er að framlengja bandý-tímabilið í Svíþjóð sem er sagt af háðung að sé sjóðheit íþrótt í Svíþjóð. Einnig



REIÐUR Zlatan og félagar voru ekki í góðu skapi á Parken um helgina.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

stingur vefurinn upp á að Svíar fari að höggva niður tré svo það sé pláss fyrir fleiri fótboltavelli. Ekki veiti þeim af æfingunni.

Sporten.dk finnst einnig ráðlegt að Svíar taki sig saman og telji elgina í landinu eða hreinlega setjist niður og horfi á Línu Langsokk.

Ein frumlegasta hugmyndin er þó að Svíar haldi HM í hver geti troðið mestu af munntóbaki í kjaftinn á sér en Svíar taka allra þjóða mest í vörina.

Ef allt þrýtur stingur sporten.dk upp á Svíar komi yfir til Danmerkur og horfi á HM hjá þjóð sem á raunverulega lið á mótinu.

- hbg



Mikið úrval rjómaosta við öll tækifæri





Rjómaostur er einstaklega mjúkur og auðsmyrjanlegur ferskostur. Hann er uppistaðan í ostakökum og krydduðu tegundirnar eru einkar ljúffengar með brauði og kexi. Rjómaostur hentar einnig sérlega vel til að bragðbæta súpur og sósur.

med hvítlauk



hrein



med kryddblöndu



med svörtum pipar



med appelsínulíkjör



med sólfurrukudum tónötum





ostur.is

Í KVÖLD

▶ VIÐ MÆLUM MED

Hrunið
Sjónvarpið kl. 21.05

Í þættinum í kvöld verður rakin atburðarásin fyrstu daga októbermánaðar 2008 er Íslendingum lokuðust allar dyr, hvort sem var í Frankfurt eða Washington. Geir Haarde hélt því fram að ekki væri þörf á neyðaráætlun en daginn eftir samþykkti Alþingi neyðarlög og Geir bað Guð að blessa Ísland.



STÖÐ 2 KL. 20.55

Chuck

Önnur serían af drepfyndnum og hröðum spennuþáttum um Chuck Bartowski sem lifði frekar óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.



EXTRA

16.30 Doctors (22:26) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífnu.

17.00 Doctors (23:26)

17.30 Ally McBeal (1:23) Ný þáttaröð um lögfræðinginn Ally McBeal. Loksins er farið að birta til í einkalífi Allyar og hún er komin með nýjan kærasta upp á arminn.

18.15 Seinfeld (11:24)

18.45 Doctors (22:26)

19.15 Doctors (23:26)

19.45 Ally McBeal (1:23)

20.30 Seinfeld (11:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

▶ **21.50 It's Always Sunny In Philadelphia** (1:15) Gamanþáttaröð sem fjallar um fjóra vini sem reka saman bar en eru all of sjálfumgladdir til að geta unnið saman án þess að til áreksra komi, upp á hvern einasta dag.

22.15 So You Think You Can Dance (3:25) Dansæðið er hafið í sjötta sinn og hefur keppnin aldrei verið vinsælli.

23.00 Big Love (5:10) Bill Henrickson lifir svo sannarlega margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess sem hann rekur eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.

23.55 John From Cincinnati (8:10)

00.50 Fangavaktin (3:8)

01.20 Sjáðu

01.50 Fréttir Stöðvar 2

02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 Blackadder II **12.30 Lead Balloon** **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** Blackadder II **15.15** Lead Balloon **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **18.30** Coupling **19.00** Little Britain **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** Spooks **20.50** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.20** Coupling **21.50** Little Britain **22.20** Absolutely Fabulous **22.50** EastEnders **23.20** The Weakest Link

DR 1

12.00 Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Braceface **14.55** Den lyserode panter **15.00** Springe højt **15.30** Lille Nord **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** By på Skrump **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - spøgelsesetoget **21.30** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **22.05** Truslen fra dybet **22.45** Seinfeld **23.05** Boogie Mix

NRK1

12.00 NRK nyheter **12.05** Naboe **12.30** Andre avnyen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Doktor Asa **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Frosken og venene **16.05** Molly Monster **16.15** Øisteins biyant **16.20** Tegneby **16.25** Milly og Molly **16.40** Distriktnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.50** TV-aksjonen **17.55** Den leiken den ville han sjå **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktnyheter **19.00** Dagsrevyen **21.15** Brennpunkt **20.20** Extra-trekning **20.30** Bokprogrammet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Aberdeen **23.00** Taliban og terror i Pakistan **23.55** Ut i naturen jukeboks

SVT 1

12.05 Världens Barn. Rehabilitering i Uganda **12.15** Hets **13.55** Fem minuter för Världens Barn **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyhetera **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Den stora resan **19.00** Fem minuter för Världens Barn **19.05** Andra Avenyn **19.50** Madonna i Malawi **21.15** Kulturnyhetera **21.30** Livvakterna **22.30** Att vara adoptivbarn **23.00** Kriminaljouren **23.45** Livet i Fagervik

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlarp hefst

06.50 Bæn

07.05 Vít og breitt

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.11 Morgunstund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Söngvarar blárrar sveiflu

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútlarp

12.20 Hádegisfréttir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Flakk

14.03 Breiðstræti

15.03 Útlarpssagan: Brestir í Brooklyn

15.25 Priðjudagsdjass

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

18.53 Dánarfregnir

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Í heyranda hljóði

21.20 Trío

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Fimm fjórðu

23.05 Sumar raddir

00.00 Næturtonar

FM 88,5 XA-Radíó

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3

FM 96,7

FM 97,7

FM 98,9

FM 99,4

FM Suðurland

Létt Bylgjan

X-ið

Bylgjan

Útlarp Saga

FLUGFÉLAG ÍS

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Um landið allt eru framúrskarandi veitingastaðir og hlýleg hótél og ekki þarf að fljúga langt til að kúpla sig út úr stressinu. Komum sterk inn í nýja vinnuviku með góðar minningar í farteskínu.

FLUG OG GISTING Í EINA NÖTT FRÁ ADEINS 17.700 KR.*

FLUGFÉLAG ÍS

*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

Nýjustu leikirnir á betra verði í BT!

Sæktu þér Uncharted 2 strax í kvöld!



Sala hefst
kl: 20:00
í Skeifunni

"Stærsti sigur PlayStation 3 tölvunnar.."
10 af 10 - Official PlayStation Magazine
"Frábær, frábær, frábær."
10 af 10 - GamesRadar
"Hann er mjög, mjög góður"
9,5 af 10 - IGN.com

9.999
PS3



Lendir á
miðvikudag!



5.299



5.299



PC - PS3
Xbox 360

9.799
PS3



PS2 - PS3
Xbox 360

10.799
PS3



9.999
PS3



PS3
PC
Wii
NDS

10.799
PS3

BT



Betri
tímar í BT

BAKÞANKAR
Páls Baldvins
Baldvinssonar



Hlátur í huga

Ég er að hugsa um að fara á hlátursnámskeið,“ sagði hann ákveðinn og svipti skyrtu út úr skápnum. Honum var greinilega enginn hlátur í hug. „Ókei,“ sagði ég. „Þarftu þess?“ Hann sneri sér að mér grafalvarlegur á svip og sagði dimmum rómi: „Þetta er sko ekkert djók lengur.“ Það mátti alveg samsinna því. Maðurinn var enn blár eftir tuttugu kílómetra á belti, sturtan hafði ekkert náð honum niður, og nú var hann tekinn að klæða sig með snörpum handtökum.

ÉG vissi ekki betur en hann væri þökkalega lukkulegur í sínu starfi, pólitískt meðvitaður með svona heldur íhaldssama vinstri-græna slíkju á flestum hlutum og húnur eftir því. Ég fór allt í einu að rifja upp hvernig hláturur hann gaf frá sér. Þeir eru jú mismunandi eins og þú hefur tekið eftir, mismunandi trektir og djúpir, sumir fliss, aðrir skellur, hlakkandi eins og hýnugelt, hlátursöskur eru til sem fá blóðið í nálægum til að frjósa: er HÚN hér? En ég mundi bara ekki hvernig hann hló.

HLÁTURNSNÁMSKEIÐ gerði lítið annað en stuðla að ofneyslu á súrefni, ofmetta mann á skammri stund, jafnvel þótt manni væri ekki hlátur í hug. Alla vega ekki honum. Sjálfur kunní ég betri ráð en námskeiðahald. Það var bara að hitta rétta fólkið og hlæja saman.

HLÁTURNSNÁMSKEIÐIÐ gat svo sem verið ágæt viðbót: maður hafði nú farið á mörg námskeið gegnum tíðina, dansnámskeiðin stóðu ekki lengi og skiluðu litlum árangri í bæ sem var svo mikið þorp að þar var ekki til sæmlegra loftaður danssalur. Hlátursnámskeið – því ekki það?

HUGMYNDIN var ítrekuð þegar ég rakst á hann strax aftur þegar út var komið við eina af þessum sjöppum sem bæjarstjórnir koma svo haganlega fyrir í næsta nágrenni við sundstaði og líkamsræktarstöðvar. Hann var að koma pylsu uppí sig af slíkum ákafa að ég átti von á að hún styngist út um nefið á honum, svo miklu var hann búinn að koma inn í gúlana á sér. Hann talaði eitthvað með þessari matarinntöku um að koma sér í andlegt form, heyrðist mér. En ég varð að fara, náði ekki síðustu hvatningunni að ég ætti að fara í endurhæfingu með honum til að geta séð það broslega í stöðunni og hlegið svo hjartanlega með honum að öllu saman.



30-50% AFSLÁTTUR Í MJUKU DEILDINN

ATH! AÐEINS ÚT ÞESSA VIKU! RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

Mikið úrval af heilsukoddum, sængum og sængurfatnaði á ótrúlegu verði.

Rekkjan er með stórglæsilega sængurfatadeild með miklu úrvali af sængurfötum. Meðal annars bjóðum við sængurföt frá þýska framleiðandanum Brennet sem hefur sérhæft sig í vönduðum sængurverum frá árinu 1881. Brennet notar eingöngu hágæða efni í vörur sínar, t.d. 100% Mako bómullarsatín. Brennet er einn örfárara sængurveruframleiðanda í heiminum sem hefur leyfi til þess að nota hitajöfnunarefnið Outlast í vörur sínar.



20-30% AFSLÁTTUR Á SÆNGUM!

30% AFSLÁTTUR AF HEILSUKODDUM

Sængurver (140x200 cm) og koddaver (50x70 cm) Verð frá 6.900 kr. **Verð nú frá 4.140 kr.**

PRÝSTI-JÖFNUNARRÚM (Queen size 153x203) Verð frá 236.340 kr. **Verð nú frá 139.440 kr.**

ÖRFÁ EINTÖK EFTIR AF PRÝSTI-JÖFNUNARRÚMUM. NÚ SELD MEÐ 41% AFSLÆTTI!

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn 13. október 2009, 286. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 8.12	13.14	18.14
Akureyri 8.01	12.59	17.54

Heimild: Almanak Háskólans